FRÉTTABLAÐIÐ

299. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 19. DESEMBER 2018

Jólin nálgast óðfluga og hátíðarstemningin leyndi sér ekki í heimsókn leikskólabarna í Hörpuna í gær. Börnin fóru í jóga og svo leiddi jólasveinn hópinn í kring um jólatréð með söng. Í nótt kom Skyrgámur til byggða. Næstir á eftir honum eru Bjúgnakrækir, Gluggagægir og Gáttaþefur. Ketrókur kemur á Þorláksmessu og loks Kertasnikir á aðfangadag. FRÉTTBLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Spá fækkun starfa í fyrsta sinn frá 2009

Stjórnendur 400 stærstu fyrirtækja landsins eru svartsýnir á stöðuna í atvinnulífinu samkvæmt nýrri könnun Gallup sem unnin er fyrir Samtök atvinnulífsins og Seðlabankann. Í fyrsta sinn frá 2009 gera stjórnendur ráð fyrir að störfum muni fækka næstu sex mánuði.

EFNAHAGSMÁL „Þetta eru mjög sláandi niðurstöður. Væntingar stjórnenda um stöðuna í dag og sex mánuði fram í tímann eru þær verstu frá því að efnahagsuppsveiflan hófst eftir hrun," segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um niðurstöður nýrrar könnunar meðal stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins.

Umrædd könnun á mati á aðstæðum í atvinnulífinu er samstarfsverkefni Samtaka atvinnulífsins og Seðlabankans og er framkvæmd af Gallup.

„Mér finnst þetta einn besti mælikvarðinn á stöðu hagkerfisins hverju sinni í ljósi þess að við höfum framkvæmt þessa könnun fjórum sinnum á ári í 16 ár," segir Halldór.

Búast stjórnendur 30 prósenta fyrirtækja við fækkun starfsmanna á næstu sex mánuðum en stjórnendur 10 prósenta fyrirtækja búast við fjölgun starfsmanna.

»» Yfirfært á allan vinnu-markaðinn þýðir þetta að störfum fækki um 1.400.

„Alveg frá því í dýpstu kreppunni 2009 hafa fyrirtækin verið að bæta við sig fólki. Í fyrsta skipti núna frá því eftir hrun sjáum við skýr skil og stjórnendur fyrirtækja gera ráð fyrir að fækka verulega fólki á næstunni," segir Halldór.

Miðað við stærðardreifingu fyrirtækjanna sem tóku þátt í könnuninni má gera ráð fyrir að störfum fækki um 1,2 prósent á næstu sex mánuðum. Sé það yfirfært á allan vinnumarkaðinn myndi það þýða að störfum fækkaði um 1.400.

„Efnahagslegur raunveruleiki knýr alltaf dyra að lokum. Eftir mikinn uppgang undanfarinna ára sjáum við að fyrirtækin eru farin að halda að sér höndum. Þetta er bara staðan í hagkerfinu, því miður."

– sar / sjá síðu 4

Leggja Korta til milljarð í hlutafé

VIÐSKIPTI Hlutafé Kortaþjónustunnar var í gær aukið um 1.050 milljónir og Jakob Ásmundsson, fyrrverandi forstjóri Straums og áður stjórnarmaður í Arion banka, ráðinn forstjóri færsluhirðingarfyrirtækisins. Í samtali við Markaðinn staðfestir Jakob að hann hafi sjálfur lagt félaginu til um 80 milljónir í hlutafé.

Aðrir þátttakendur í hlutafjáraukningunni, sem kom til vegna tapreksturs á rekstrarárinu, voru núverandi hluthafar ásamt nýjum fjárfestum. Kvika er stærsti hluthafi félagsins með um 40 prósenta hlut.

Kvika og hópur fjárfesta keypti Kortaþjónustuna í fyrra og lögðu því til 1.500 milljónir í hlutafé. Félagið stóð frammi fyrir miklum lausafjárvanda eftir greiðslustöðvun Monarch Airlines. – hae / sjá Markaðinn

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Formaður Læknafélags Íslands fjallar um tvöfalt heil-brigðiskerfi. 11

LÍFIÐ Hulda Vigdísardóttir þýdd Hnotubrjótinn sjálf þegar hún uppgötvaði að ævintýrið var ekki til á íslensku. 26

Veður



Austan 8-13 og rigning eða skúrir, en hægari og þurrt norðan til. Hiti 4 til 9 stig yfir daginn, en í kringum frostmark í kvöld og nótt. SJÁ SÍÐU 20

Frestur í máli Michaels Flynn

BANDARÍKIN Dómsuppkvaðningu yfir Michael Flynn, fyrrverandi þjóðaröryggisráðgjafa Donalds Trump Bandaríkjaforseta, var frestað í gær að ósk verjenda og saksóknara.

Michael Flynn, fyrrverandi þjóðaröryggisráðgjafi.

Flynn hefur játað að hafa logið að alríkislögreglunni. Hann hefur þó aðstoðað rannsóknarteymi Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, sem rannsakar meint samráð framboðs Trumps við Rússa. Vegna þessa er ekki farið fram á fangelsisdóm

Emmet Sullivan dómari var harðorður í garð Flynns. „Ég ætla ekki að fara leynt með það að mér finnst gjörðir þínar viðurstyggilegar.“ – þea

Komið að því

Sýningar á seríu tvö af Ófærð hefjast á RÚV um jólin. Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri, Eliza Reid forsetafrú og leikstjórarnir Ugla Hauksdóttir og Baltasar Kormákur voru kát á forsýningunni í Bíói Paradís í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af forsýningargestum er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Þessar stúlkur vilja jafnan rétt fyrir kynin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ísland efst á jafnréttislista

JAFNRÉTTISMÁL Ísland er í efsta sæti lista Alþjóðaefnahagsráðsins er kemur að kynjajafnrétti. Er þetta tíunda árið í röð sem Ísland trónir á toppi listans sem var birtur í gær.

Noregur, Svíþjóð og Finnland raða sér í næstu sæti listans en Níkaragva er í fimmta sæti. Alls var staða kynjajafnréttis metin í 149 löndum. Ísland er með einkunnina 0,858 sem þýðir að tekist hefur að útrýma 85,8 prósentum kynjahallans. Meðaltal allra ríkja er 0,68 sem þýðir að kynjabilið er 32 prósent.

Ef litið er á þau 106 lönd sem hafa verið með í mælingunum frá því að þær voru fyrst gerðar árið 2006 tæki það 108 ár að útrýma kynjahallanum miðað við að þróunin yrði á sama hraða. Fram kemur í skýrslunni að það sé jákvætt að 89 lönd hafi bætt sig milli ára. – sar

Lokanir í miðbænum á Þorláksmessu að venju

Laugavegur í Reykjavík verður göngugata á Þorláksmessu. Spáð er ágætis veðri og má því búast við fjölda fólks í miðbæinn. Hin árlega friðarganga verður gengin 39. árið í röð frá Hlemmi. Sumir mæta bara til að upplifa stemninguna.

UMFERÐ „Stundum fer maður þótt maður eigi ekkert annað erindi en að upplifa stemninguna,“ segir Elfa Björk Ellertsdóttir, upplýsingafulltrúi í Ráðhúsi Reykjavíkur, um andrúmsloftið sem jafnan er í miðbæ Reykjavíkur á Þorlákssmessu.

Takmarkanir á umferð verða talsverðar í miðborginni á Þorláksmessu eins og oft áður og göngusvæðið stærra en jafnan. Frá klukkan ellefu verður Laugavegur lokaður frá Vatnsstíg og Skólavörðustígur frá Bergstaðastræti og niður Bankastræti að Þingholtsstræti.

Búist er við fjölda fólks í miðbæinn en Elfa segist ekki hafa á reiðum höndum hversu margir séu þar yfirleitt á Þorláksmessu. „En ef það er gott veður þá getur þetta alveg verið á við Menningarótt,“ segir hún. Og í gærkvöldi var veðurspáin býsna góð fyrir Þorláksmessukvöld í höfuðborginni, tveggja stiga hiti og hægur vindur klukkan 18.00.

Sumir verslunareigendur hafa sett sig upp á móti götulokunum í miðbænum en Elfa telur það ekki eiga við um Þorláksmessu. „Það er bara svo mikil hefð fyrir því að fara gangandi niður Laugaveginn og um miðborgina á Þorláksmessu.“

Þegar líður að kvöldi verða lokanirnar umfangsmeiri því frá klukkan 18.00 ná þær að mótum Barónsstígs og Laugavegs, auk þess sem kaflinn frá Barónsstíg að Snorrabraut verður líka lokaður frá klukkan 17.00 til 18.00 vegna upphafs hinnar árlegu friðargöngu niður Laugaveg. Fyrir friðargöngunni stendur samstarfshópur ýmissa hreyfinga friðarsinna. Hún verður nú gengin í 39. árið í röð.

Miðbærinn á Þorláksmessu



Frá friðargöngunni á Laugavegi á Þorláksmessu 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg, segist sérstaklega vilja minna á bílastæðahús sem stundum gleymist; við Vitatorg og undir Arnarhóli. Einnig benda borgaryfirvöld á almenningssamgöngur þennan dag.

Auk hefðbundinna verslana sem hafa opið til klukkan ellefu er jólmarkaður starfandi í Hjartagarðinum. Á Ingólfstorgi geta þeir sprækustu brugðið undir sig betri fætinum á skautasvelli sem þar var nýlega sett upp. gar@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Opið til
21:00
í Skútuvogi

Jóla ÚTSALA

HEFST Í DAG

50%

afsláttur

Allt jólaskraut*
50% afsláttur

Allar seríur og jólaljós
20-50% afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana. *Gildir ekki af ferskvöru og skreytingum af blómaverkstæði

Pottar, pönnur og eldhúsáhöld
20% afsláttur

Jóla gjafa markaður

Smáraftæki
20-30% afsláttur

Rafmagnsverkfæri
20-30% afsláttur

Öll jólatré
20% afsláttur
Normannsþinur • Stafafura
Rauðgreni • Gervijólatré

Öðrum ráðherra falið mál um knatthús í Hafnarfirði til öryggis

STJÓRNSÝSLA Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur verið settur til að ákveða hvort hefja skuli frumkvæðisathugun á ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar um framkvæmdir og kaup á mannvirkjum í Kaplakrika.

Þetta var samþykkt á fundi ríkisstjórnar í gær að tillögu forsætisráðherra.

Svandís Svavarsdóttir var í haust sett til að fjalla um stjórnsýslukærur í málinu sem vísað var til

> Betra að hafa vaðið fyrir neðan sig.
>
> Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna vanhæfis Sigurðar Inga Jóhannssonar en fyrrverandi aðstoðarmaður hans situr í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Í forsendum fyrir frávísun kæranna kemur fram að mat ráðherra rétt sé að hefja frumkvæðisathugun og lýsti hún einnig því viðhorfi í viðtölum við fjölmiðla í kjölfarið.

„Þótt það sé ekki mat ríkisstjórnarinnar að ummæli Svandísar geri hana vanhæfa er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig," segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra um þá ákvörðun að fela

Guðmundur Ingi tekur sæti Sigurðar Inga vegna málsins en Svandís er nýstaðin upp úr því.

málið öðrum ráðherra.

Uppbygging knatthúsa hefur verið mjög mikið hitamál í bæjarpólitíkinni í Hafnarfirði um nokkurra ára skeið en meirihlutinn ákvað í sumar að kaupa íþróttamannvirki af FH í Kaplakrika fyrir tæpar 800 milljónir til að gera íþróttafélaginu kleift að reisa knatthús, sem áður stóð til að bæjarfélagið reisti sjálft. Einnig er deilt um greiðslu á 100 milljónum frá bænum til íþróttafélagsins án þess að fyrir lægi samþykki fyrir slíkri greiðslu.

Ef niðurstaðan verður sú að hefja skuli frumkvæðisathugun er ómögulegt að vita í hvaða ráðuneyti sú athugun fer fram. – aá

Auðmenn flytji fé frá Bretlandi

BRETLAND Svissneski stórbankinn Credit Suisse ráðleggur nú ofurríkum viðskiptavinum að flytja peninga sína frá Bretlandi vegna óvissu um Brexit. Þetta hefur The Financial Times eftir ónafngreindum heimildarmönnum. Auðmenn sem búa á Bretlandseyjum eru þegar sagðir farnir að huga að flutningi viðskipta sinna til Guernsey og Jersey.

Samkvæmt umfjöllun Forbes eru auðmenn farnir að flytja frá London til Bandaríkjanna, Ástralíu og Sviss. Óvíst sé þó að það sé vegna Brexit.

The Financial Times segir marga íhuga að flytja frá Bretlandi af ótta við að eignaskattur verði lagður á komist Jeremy Corbin til valda. – ibs

Fá nú meira í fæðingarorlofi

FÉLAGSMÁL Hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði hækka um 80 þúsund krónur 1. janúar. Þannig hækka óskertar greiðslur úr 520 í 600 þúsund. Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, undirritaði reglugerð þess efnis í gær.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra.

„Við hækkuðum hámarksgreiðslurnar um 20.000 í byrjun þessa árs. Nú stígum við stærra skref með umtalsverðri hækkun sem er til þess fallin að koma tekjulágum foreldrum til góða," segir Ásmundur Einar.

Aukin framlög ríkisins eru áætluð um 1,8 milljarðar króna á ári.

Ásmundur Einar segir áfram unnið að því að styðja betur við foreldra í fæðingarorlofi. Meðal annars sé horft til þess að lengja það. – bsp

Verðbólguvæntingar að aukast hjá stjórnendum stórfyrirtækja

Stjórnendur 400 stærstu fyrirtækja landsins búast við aukinni verðbólgu næstu tólf mánuði. Hafa verðbólguvæntingar þeirra ekki verið meiri frá því í aðdraganda síðustu kjarasamninga. Væntingar til stöðunnar í atvinnulífinu eftir sex mánuði hafa aldrei mælst minni frá því að mælingar hófust árið 2002.

EFNAHAGSMÁL Verðbólguvæntingar stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins fara vaxandi samkvæmt nýrri könnun sem Gallup gerði fyrir Samtök atvinnulífsins og Seðlabankann. Gera þeir nú ráð fyrir að verðbólga verði að jafnaði fjögur prósent á næstu 12 mánuðum. Í síðustu könnun sem gerð var í september síðastliðnum bjuggust stjórnendurnir við þriggja prósenta verðbólgu.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, bendir á að um sé að ræða rúmlega 30 prósenta hækkun milli kannana. Kjarasamningar á almennum markaði renna út um áramót en hægt hefur þokast í viðræðum aðila.

„Sú staða spilar líka væntanlega saman við þetta því óvissa er eitur í beinum atvinnulífsins," segir Halldór. Hafa verðbólguvæntingar stjórnenda ekki verið meiri síðan í maí 2015 sem var í aðdraganda þeirra kjarasamninga sem nú eru að renna út.

Í könnuninni er mæld sérstök vísitala efnahagslífsins sem endurspeglar mun á fjölda stjórnenda sem meta aðstæður góðar og slæmar. Sú vísitala lækkar töluvert milli kannanna og er nú svipuð og hún var sumarið 2014.

Nú telur 31 prósent stjórnenda aðstæður góðar samanborið við 45 prósent í september og 70 prósent fyrir ári. 23 prósent telja aðstæður slæmar miðað við 12 prósent í september.

Þá hafa væntingar til aðstæðna eftir sex mánuði aldrei mælst minni frá því að könnunin var fyrst gerð árið 2002. Nú telja 68 prósent stjórnenda að aðstæður versni en til samanburðar gerðu 24 prósent ráð fyrir því fyrir ári en 54 prósent í könnuninni í september.

Stjórnendur stærstu fyrirtækja landsins búast við 4 prósenta verðbólgu næstu 12 mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

31%

stjórnenda telur aðstæður í atvinnulífinu góðar.

Aðeins fimm prósent stjórnenda telja að aðstæður muni batna næstu sex mánuði sem er svipað hlutfall og í september.

Einnig er spurt um skort á starfsfólki og sögðust 15 prósent stjórnenda búa við slíkan skort í sínu fyrirtæki en 85 prósent stjórnenda sögðust ekki búa við skort á starfsfólki.

Í fyrsta sinn frá árinu 2012 eru þeir stjórnendur fleiri sem búast við að innlend eftirspurn dragist saman á næstu sex mánuðum en þeir sem búast við vaxandi eftirspurn. Þannig býst 21 prósent stjórnenda við minni eftirspurn, 15 prósent búast við aukinni eftirspurn en 64 prósent búast við að hún haldist óbreytt.

Í úrtaki könnunarinnar voru 428 fyrirtæki sem teljast stærst á landinu og er þá miðað við heildarlaunagreiðslur. Alls svöruðu stjórnendur hjá 206 fyrirtækjum eða 48 prósent af úrtakinu.

sighvatur@frettabladid.is



HVAÐ ER Í MATINN?

Jóhanna Vigdís gefur uppskriftir að einföldum og girnilegum réttum fyrir alla daga vikunnar í níu vikur

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið til 19 alla daga til jóla

Samsung S9

með skínandi kaupauka

Fislétt, hraðvirk og stílhrein Samsung Galaxy Tab A spjaldtölva fylgir öllum Samsung S9 og S9+ símum.

Þú getur meira um jólin með Símanum

30 GB
fylgja með öllum símum

Samsung S9
104.990 kr.

Samsung S9+
119.990 kr.

Kaupauki
Galaxy Tab A
spjaldtölva

Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Gildir meðan birgðir endast.

siminn.is/jol

Gefðu hlýja Jólagjöf

Dömu

Herra

Mammut Eigerjoch Pro
Verð 84.995 kr.

Mammut Eigerjoch Advanced Herra
Verð 53.995 kr.

Head Tundra Primaloft dömu
Verð 33.995 kr.

25% afsláttur af Ulvang fram að jólum

Ulvang Ullarbolir
Tilboðsverð frá 10.496

Mikið úrval af húfum og vettlingum

Mikið úrval af hlýjum Lorpen sokkum

EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is

Margir virðast fresta læknisheimsóknum vegna þess að þeir hafi einfaldlega ekki efni á því. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Veigra sér við að fara til læknis vegna fjárskorts

Fjórðungur félagsmanna Einingar-Iðju hefur frestað læknisheimsókn vegna fjárhagserfiðleika síðustu tólf mánuði. Um fjórir af hverjum tíu hafa frestað að fara til tannlæknis. Ungt fólk líklegra til þessa. Alvarlegt að mati formanns Einingar-Iðju.

SAMFÉLAG Fjörutíu prósent félagsmanna í verkalýðsfélaginu Einingu-Iðju hafa á síðustu tólf mánuðum frestað því eða hætt við að fara til tannlæknis af fjárhagsástæðum. Fjórðungur félagsmanna hefur hætt við að fara til læknis af sömu ástæðum.

„Þetta eru nokkuð sláandi niðurstöður," segir Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju.

Eining Iðja er stærsta stéttarfélagið á Norðurlandi. Félagssvæði þess er í Eyjafirði og liggur frá Fjallabyggð í vestri til Grýtubakkahrepps í austri.

Í yfirstandandi kjaraviðræðum leggja verkalýðsfélög áherslu á að tryggja öfluga heilbrigðisþjónustu fyrir félaga sína. Á síðasta þingi ASÍ var jafnframt samþykkt sú stefna að efla grunnstoðir heilbrigðiskerfisins og tryggja að allir hafi aðgang að öflugri heilsugæslu í heimabyggð og aðgang að lyfjum.

Af niðurstöðum könnunar meðal félagsmanna sést marktækur munur á svörum eftir aldri. Yngra fólk er líklegra til að hafa ekki efni á læknisheimsóknum, að taka út lyf í apótekum eða að fara til tannlæknis. Ungt fólk á barneignaraldri frestar þessu marktækt oftar en aðrir.

„Þetta er auðvitað innlegg í þær kjaraviðræður sem við erum í núna. Það er sláandi að sjá að fjórðungur félagsmanna okkar frestar því að fara til læknis og því er þetta eitt af þeim atriðum sem við verðum að tryggja félagsmönnum okkar í komandi kjaraviðræðum, það er aðgangur að heilbrigðisþjónustu," segir Björn.

„Það kom okkur líka töluvert á óvart að sjá að unga fólkið á í hvað mestum erfiðleikum með þetta og virðist forgangsraða hlutunum á þennan hátt sem er auðvitað bagalegt."

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að stjórnvöld muni á valdatíma sínum draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. **sveinn@frettabladid.is**

Læknisheimsóknir

Hefur þú einhvern tíma á síðustu 12 mánuðum frestað eða hætt við að ...

fara til læknis?

18-24 ára	32%
25-34 ára	35%
35-44 ára	27%
45-54 ára	17%
55 ára eða eldri	4%

fara til tannlæknis?



18-24 ára	38%
25-34 ára	52%
35-44 ára	50%
45-54 ára	33%
55 ára eða eldri	22%

kaupa lyf?

18-24 ára	20%
25-34 ára	21%
35-44 ára	19%
45-54 ára	10%
55 ára eða eldri	3%

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar Iðju

Ágóði af peningaþvætti yfirleitt gerður upptækur

DÓMSMÁL Júlíus Vífill Ingvarsson, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, var dæmdur í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir peningaþvætti í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Fjallað var um mál Júlíusar í Panama-skjölunum svokölluðu.

Brot Júlíusar fólst í því að hafa árin 2010 til 2014 geymt á bankareikningi sínum hjá UBS-banka á Ermarsundseyjunni Jersey andvirði 131 til 146 milljóna króna en um var að ræða tekjur sem komu til vegna viðskipta bílaumboðsins Ingvars Helgasonar á árunum 1982 til 1993 sem voru ekki taldar fram til skatts.

Árið 2014 ráðstafaði Júlíus þessum fjármunum af fyrrnefndum bankareikningi og inn á reikning hjá bankanum Julius Bär í Sviss, sem tilheyrði vörslusjóðnum Silwood Foundation. Rétthafar hans voru skráðir ákærði, eiginkona hans og börn. Fjárhæð hins ólögmæta ávinnings, sem ákært er fyrir peningaþvætti með þessum hætti, var á bilinu 49 til 57 milljónir króna.

Júlíus Vífill Ingvarsson

Ágóði Júlíusar af brotinu er hins vegar ekki gerður upptækur eins og tíðkast í peningaþvættismálum, en hvorki var gerð krafa um kyrrsetningu fjármunanna meðan rannsókn stóð yfir, né upptöku þeirra með dómi.

Fyrir tæpum mánuði féll einnig dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna peningaþvættis en fjárhæðin sem þar var um að ræða var um það bil fimmfalt lægri en í tilviki Júlíusar eða rúmar átta milljónir. Fékk dómfelldi í því máli, Hafþór Logi Hlynsson, 12 mánaða óskilorðsbundinn dóm fyrir brotið auk þess sem ágóði brotsins var gerður upptækur; rúmlega tvær og hálf milljón í peningum ásamt vöxtum og verðbótum og Tesla-bifreið af 2014 árgerð.

Sami saksóknari sótti þessi mál og sami dómari við héraðsdóm dæmdi. Á það ber þó að líta að Hafþór á langan sakaferil að baki og rauf skilorð með broti sínu. Að frátalinni upptöku ágóðans skýrir sakaferill og skilorðsrof Hafþórs muninn á þyngd refsingarinnar í þessum málum en dómurinn yfir Hafþóri er bæði tveimur mánuðum lengri og óskilorðsbundinn. **– aá**

Meira sælkera

Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

Rósakál 500 g

Brakandi ferskt rósakál

399 kr/pk

Sætar kartöflur

Ómissandi með kalkúninum

449 kr/kg

Hagkaups kalkúnafylling

Tilbúin gæða fylling

1.299 kr/pk

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Norður-Kórea varar við símum

NORÐUR-KÓREA Farsímar spilla hugmyndafræði samfélagsins og menningunni allri. Þetta sagði í umfjöllun í norðurkóreska dagblaðinu Rodong Sinmun í gær.

„Með farsímum breiðast út erótísk myndbönd og ofbeldisfullir tölvuleikir. Þetta er algjörlega hömlulaust. Þetta þýðir að farsímar eru í raun verkfæri sem nýtt eru til þess að koma afbrigðilegum hugmyndum í kollinn á börnum," sagði í umfjölluninni. **– þea**



Þrír handteknir eftir morð á tveimur norrænum nemum

Alls hafa þrír verið handteknir vegna morðanna. Fórnarlömbin, tvær konur frá Noregi og Danmörku, fundust látnar. Þær höfðu verið skornar á háls. Marokkóska alríkislögreglan fer með rannsókn málsins sem VG segir geta bent til hryðjuverkatengsla.



Rannsakendur á vettvangi í hlíðum Toubkal-fjalls í gær. NORDICPHOTOS/AFP

MAROKKÓ Þrír voru handteknir í Marokkó í gær í tengslum við rannsókn lögreglu á morðum á tveimur norrænum háskólanemum, hinni norsku Maren Ueland og hinni dönsku Louisa Vesterager Jespersen. Ríkissjónvarpsstöðin 2M greindi frá seinni tveimur handtökunum. Áður hafði marokkóska innanríkisráðuneytið greint frá því að einn hefði verið handtekinn í Marrakech. Norska lögreglan var í gær á leið til Marokkó til þess að aðstoða kollega sína í ríkinu við rannsókn á málinu.

Þær Ueland og Jespersen, 28 og 24 ára, voru saman á bakpokaferðalagi um landið og höfðu tjaldað í hlíðum Toubkal-fjalls í Atlasfjöllum suður af Marrakech. Þar lauk ferðalaginu en þær fundust látnar í hlíðum fjallsins á mánudaginn. Samkvæmt norskum miðlum voru þær einar á ferð og fundust með skurð á hálsi. Talið er nær fullvíst að um morð hafi verið að ræða.

Samkvæmt umfjöllun Verdens Gang (VG) fer BCIJ, alríkislögreglan í Marokkó, með rannsókn málsins. Segir miðillinn að það bendi til þess að málið gæti tengst þjóðaröryggi, öfgasamtökum eða hryðjuverkum.

Sjónarvottar hafa sagt lögreglu frá því að þeir hafi séð hina grunuðu yfirgefa vettvang glæpsins um klukkan þrjú þá nótt sem konurnar fundust.

Heimildarmaður VG sagði að lögreglu grunaði fjóra menn, búsetta í nágrenni morðvettvangsins, um að hafa staðið að morðunum. Allir hinir grunuðu eru marokkóskir karlmenn. Sá sem var fyrst handtekinn er eins og áður segir frá Marrakech en hinir grunuðu eru frá hafnarborginni Safi.

„Rannsóknin mun meðal annars leiða í ljós hvort skipulögð glæpasamtök hafi myrt þær og hvort morðið hafi verið skipulagt. Rannsakendur munu leitast við að útskýra ástæðu glæpsins og smáatriðin," var haft eftir heimildarmanninum. Hann vildi þó ekki segja hvort hinir handteknu hefðu áður komist í kast við lögin.

Danska ríkisútvarpið, DR, greindi svo frá því að danska utanríkisráðuneytið varaði sérstaklega við því að ferðamenn væru einir á ferð í Marokkó. **thorgnyr@frettabladid.is**

Herinn í viðbragðsstöðu vegna Brexit

BRETLAND Ríkisstjórn Theresu May í Bretlandi hefur samþykkt að setja undirbúning fyrir útgöngu úr Evrópusambandinu án samnings í forgang. Þótt samningurinn sé kominn á borð þingsins virðist stefna í þessa samningslausu útgöngu enda trúlega ekki meirihluti fyrir plagginu á þingi.

The Guardian greindi frá því í gær að meðal annars yrði ferjupláss tekið frá svo hægt væri að flytja nauðsynjar til Bretlands og þá verða 3.500 hermenn settir í viðbragðsstöðu. Þeim er ætlað að koma í veg fyrir óeirðir eða aðra röskun á daglegu lífi í Bretlandi. „Það er skylda ríkisstjórnarinnar að búa sig undir hvað sem er. Meðal annars samningslausa útgöngu," sagði upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins.

Á þinginu í gær var rætt sérstaklega um eiginlega vantrauststillögu Jeremys Corbyn, leiðtoga Verkamannaflokksins, og annarra stjórnarandstæðinga á hendur May sem tilkynnt var um á mánudaginn. Ályktunin væri ekki bindandi.

Verkamannaflokksliðar gagnrýndu stjórnina fyrir að setja málið ekki á dagskrá og sögðu ríkisstjórnina einfaldlega hrædda. Þingmenn Íhaldsflokksins voru á öðru máli. Sögðu stjórnarandstöðuna hafa „klúðrað málinu" með því að nýta ekki rétt sinn til þess að þvinga málið á dagskrá. – þea

Breskir hermenn í Salisbury fyrr á þessu ári. NORDICPHOTOS/AFP

Gulu vestin stórskemmdu tollahlið

FRAKKLAND Mótmælendahreyfingin sem kennir sig við gul vesti tók yfir um 40 tollahlið í umsjón Vinci Autoroutes, stærsta umsjónaraðila hliðanna, í Frakklandi í gær. Kveikt var í allnokkrum, til að mynda hliði austur af Marseille, og ollu aðgerðirnar töluverðri röskun á samgöngum. Loka þurfti hraðbrautinni á milli Marseille og Toulon svo fátt eitt sé nefnt.

Gulu vestin hafa ítrekað mótmælt, upphaflega fyrirhugaðri hækkun eldsneytisskatta en nú ýmsum þáttum fransks samfélags sem og ríkisstjórn Emmanuel Macron forseta, með því að trufla samgöngur. Vegatálmar hafa til að mynda verið reistir. Samkvæmt Reuters hafa nokkrir dáið í slysum þar sem Gulu vestin hafa verið að mótmæla.

Vefsíðan Radars-auto.com, sem fylgist með hraðamyndavélum, hefur greint frá því að um 1.600 franskar myndavélar, helmingur allra í landinu, hafi orðið fyrir skemmdum vegna mótmælanna. Þar af hafa rúmlega 250 verið eyðilagðar með öllu. – þea

„Hóruungar," var krotað á þetta franska tollahlið. NORDICPHOTOS/AFP

SFR
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Aðalfundur

SFR stéttarfélags í almannþjónustu verður haldinn 26. janúar 2019 kl. 11.30 að hótel Hilton Reykjavík Nordica

Í allsherjaratkvæðagreiðslu þann 9. nóvember 2018 var samþykkt að sameina SFR stéttarfélag í almannaþjónustu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Stjórn SFR boðar hér með til aðalfundar í samræmi við ákvörðun félagsmanna. Aðalfundur verður haldinn þann 26. janúar 2019, kl. 11:30, að hótel Hilton Reykjavík Nordica Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt 13. gr. laga félagsins auk þess sem stjórn félagsins mun leggja fram tillögu um lagabreytingar vegna sameiningarinnar. Tillagan mun liggja fyrir á skrifstofu félagsins 10 dögum fyrir aðalfundinn. Drög að reikningum félagsins og ársskýrsla liggja ekki fyrir. Stjórn félagsins gerir því ráð fyrir að fresta þurfi afgreiðslu tiltekinna mála til framhaldsaðalfundar sem haldinn verður í mars 2019 og auglýstur verður sérstaklega.

Stjórn SFR

Þú finnur draumastarfið á
Job.is

50 GB fylgja
10% afsláttur

Mikið úrval snjalltækja og spennandi kaupauka í jólapakkann handa þínum nánustu.

Kíktu við í næstu verslun eða á vodafone.is

Framtíðin er spennandi.
Ertu til?

Kindle Paperwhite
Verð
19.990 kr. staðgreitt

iPhone XR
Verð frá
121.491kr. staðgreitt

vodafone

+PLÚS

Lögreglumál í Paradís

Nú vandast málin vísast aftur fyrir lögreglumennina Hinriku Kristjánsdóttur og Andra Ólafsson því þáttaröð tvö af Ófærð var forsýnd í Bíói Paradís í gærkvöldi.

Lesið og skrifað á 21. öldinni

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Í dag má segja að börn séu læs þegar kemur að tækni en ekki skrifandi," sagði Katrín Atladóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, í útvarpsviðtali á dögunum. Í gær lagði borgarfulltrúinn svo fram tillögu þar sem hún lagði til að forritun yrði almennt kennd í grunnskólum. Meirihluti borgarstjórnar samþykkti tillögu fulltrúa minnihlutans, aldrei þessu vant. Ánægjulegt var að sjá stjórnmálamennina stíga upp úr dægurþrasi í aðdraganda jóla og styðja góða hugmynd.

Þau börn sem nú ganga í grunnskóla hafa haft aðgang að tölvu frá því þau fæddust. Samkvæmt nýlegum rannsóknum verða 65 prósent þeirra starfa sem unnin eru í dag ekki til innan fárra ára. Tækniþróun undanfarinna ára og áratuga hefur gjörbreytt heiminum. Þessi þróun mun halda áfram og að endingu gjörbreyta því umhverfi sem við þekkjum. Tölvur og gervigreind munu á næstu áratugum sjálfvirknivæða um helming þeirra starfa sem mannkynið vinnur í dag, líkt og þekkt er. Tæknimenntað fólk hefur mikið um það að segja hvernig atvinnulífið, og þar af leiðandi samfélagið sjálft, mun líta út í fyrirsjáanlegri framtíð.

Í dag er lítið, en þó eitthvað, fjallað um forritun í aðalnámskrá grunnskólanna. Skólunum er í sjálfsvald sett hversu mikla forritun skal kenna. Þannig getur það oltið á áhuga og getu kennara hversu mikið forritun er tvinnuð inn í námsefnið. Sumir kennarar leggja mikið upp úr forritun, aðrir ekki. Slíkt bitnar á möguleikum barna þegar þau vaxa úr grasi.

Mikilvægt er í þessu samhengi að sveitarstjórnir komi á samtali milli grunnskóla og atvinnulífs um hvernig framtíðin lítur út. Þessi tillaga er gott skref í þá átt, þar sem kennsla í forritun verður innleidd í sátt við starfsfólk grunnskólanna. Forritunarkennsla verði veigamikill þáttur í menntun barna. Til þess þarf að virkja og mennta kennara, foreldra og börnin sjálf. Það er ærið verkefni, en einfaldlega svar við kalli tímans.

Flest börn í dag kunna að nota tölvur. Þau horfa á bíómyndir og þætti, skoða samfélagsmiðla, læra jafnvel tungumál og nota ýmis forrit fyrir ólík áhugamál sín. Eins og það er mikilvægt að kunna að nota tæknina er ekki síður mikilvægt að hafa grunnhugmynd um það hvernig hún virkar. Það er einfaldlega mikilvægur hluti af læsi 21. aldarinnar. Börnin okkar eiga að kunna að lesa, skrifa, reikna og forrita. Forritun er nauðsynlegur þáttur í að undirbúa börnin til þess að mæta kröfum sem þeirra bíða. Það er hlutverk sveitarstjórna, foreldra og kennara að fjárfesta í þessari framtíð.

Forritun er nauðsynlegur þáttur í að undirbúa börnin til þess að mæta kröfum sem þeirra bíða.

Halldór

Frá degi til dags

Ódýrt er drottins orðið

Bænin er sögð síðasta bjargráð skúrksins og þangað virðast klaustursmunkarnir úr Miðflokknum komnir þegar þeir vilja kalla dómkirkjuprest til vitnis í von um að hann geti kastað rýrð á upptakarann Báru Halldórsdóttur. Drottins orðið hefur löngum þótt dýrt en stenst ekki samanburð við rándýran orðaflaum þingmannanna. Ef marka má Svein Valgeirsson dómkirkjuprest getur Guð í það minnsta ekki svarað kalli fjórmenninganna með öðru en þögn enda Guð víst mest fyrir að hjálpa þeim sem hjálpa sér sjálfir.

Máttleysi bænarinnar

Vissulega er staðan þröng þegar kirkjunnar þjónar geta ekki rétt hjálpandi hönd og dómkirkjuprestur er ekki sá eini þeirra sem annaðhvort getur ekki eða vill svara ákalli týndu Framsóknarsauðanna. Séra Davíð Þór Jónsson, prestur í Laugarneskirkju og pönkari, vitnar á Facebook með velþóknun í svar Sveins: „„Eini eftirlitsbúnaðurinn sem eitthvað gæti tengst Dómkirkjunni væri hið alsjáandi auga drottins og hans alþunna eyra," segir Sveinn. Býsna gott." Davíð fer heldur ekki leynt með að samúð hans er með Báru þegar hann segir: „Þegar það er glæpur að afhjúpa glæp er okkur stjórnað af glæpamönnum." Amen, eftir efninu.

thorarinn@frettabladid.is

Loksins ný landgræðslulög

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Ný heildarlög um landgræðslu voru samþykkt á Alþingi í seinustu viku og marka tímamót. Þau leysa af hólmi löggjöf sem var orðin 53 ára gömul og margoft hafði verið reynt að endurskoða. Ánægjulegt er að breytingar hafi loksins náð í gegn.

Í nýju lögunum er tryggð aukin vernd og sjálfbær nýting jarðvegs og gróðurs og endurheimt vistkerfa. Þetta er afar mikilvægt. Sjálfbær landnýting er leiðarstef í lögunum og til að stuðla að henni er kveðið á um reglulegt mat á ástandi lands og árangri landgræðslustarfsins, að sett skuli viðmið um sjálfbæra landnýtingu og að unnin skuli áætlun um úrbætur þar sem landnýting er ekki sjálfbær. Ákvörðun ítölu í beitiland skal nú taka mið af leiðbeiningum og viðmiðum um sjálfbæra landnýtingu sem sett eru samkvæmt landgræðslulögum. Einnig er í nýju lögunum ákvæði um að sérstaka aðgát skuli sýna til að lágmarka rask á gróðri og jarðvegi og að leitast skuli við að bæta fyrir það með endurheimt sambærilegra vistkerfa.

Verulegar breytingar hafa orðið á löggjöf og alþjóðasamningum á sviði umhverfismála síðan fyrri lögin voru sett árið 1965, ekki síst hvað varðar aðkomu og þátttöku almennings og er þeim nýju ætlað að mæta því. Ný lög um náttúruvernd, skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum hafa tekið gildi, auk þess sem Ísland hefur gerst aðili að alþjóðasamningum eins og Loftslagssáttmálanum, samningi um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og samningi um varnir gegn eyðimerkurmyndun. Nýju lögin hafa að markmiði að auka þátttöku almennings og hagsmunaaðila í landgræðslustarfinu. Þau kveða m.a. á um gerð landgræðsluáætlunar og svæðisáætlana sem unnar verða í víðtæku samráði.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að fyrstu lög um landgræðslu – sem þá hét sandgræðsla – voru sett árið 1907. Lögin sem nú hafa verið samþykkt marka vatnaskil í afar mikilvægum málaflokki.

Í nýju lögunum er lögð áhersla á að hverju beri að stefna varðandi vernd og sjálfbæra nýtingu jarðvegs og gróðurs og endurheimt vistkerfa.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Tvöfalt heilbrigðiskerfi – það lakara fyrir konur

Reynir Arngrímsson
formaður Læknafélags Íslands

Breytingar á lyfjalögum fengu flýtimeðferð í skugga skammdegisins. Vegið er óþyrmilega að heilbrigðisþjónustu kvenna í skjóli myrkurs þegar Alþingi samþykkti að koma á tvöföldu heilbrigðiskerfi hér á landi.

Það ætti ekki að hafa farið fram hjá landsmönnum að verulegur faglegur ágreiningur hefur verið milli lækna annars vegar og heilbrigðisstjórnarinnar og Alþingis hins vegar um nokkurt skeið. Þar má nefna ýmis mál er varða lýðheilsu og velferð borgaranna, eins og viljaleysi til að taka á sölu á rafsígarettum til barna og unglinga, heimild til reykinga rafsígaretta á veitingastöðum, tillögur um tilslökun á áfengislöggjöfinni, upphafningu skottulækninga dulinna í búningi svokallaðra viðbótarmeðferða, blekkingar um gagnsemi fikniefna í lækningaskyni, skerðingar á aðgengi og valfrelsi notenda að heilbrigðisþjónustu og blindu stjórnvalda varðandi ástand og þörf á uppbyggingu grunnheilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.

Það er ekki síður áhyggjuefni að reynslan sýnir að þar sem öðrum starfsstéttum er falin heimild til læknisverka án viðhlítandi sambærilegrar menntunar og þjálfunar hefur kostnaður skattborgaranna og samfélagsins að jafnaði vaxið.

Nýjasta útspil Alþingis er að gefa afslátt af þekkingu, gæðum og öryggi þegar kemur að lyfjaávísunum. Sú breyting hefur í för með sér að konur þurfa að sætta sig við að sækja lakari heilbrigðisþjónustu en læknar geta og hafa veitt. Í breytingunni felst innleiðing á sænsku kerfi sem hefur skilað daprari árangri í þjónustu sem hingað til hefur prýðilega verið sinnt af heimilislæknum og sérfræðingum í fæðingar- og kvensjúkdómum. Félag íslenskra kvensjúkdóma- og fæðingarlækna skilaði umsögn um frumvarpið og taldi það óunnið. Ekki var hlustað á álit þessa hóps lækna sem best þekkir til stöðu mála.

Fóstureyðingum fjölgar

Aðgengi að fræðslu og upplýsingum um getnaðarvarnir hefur verið án takmarkana hingað til. Árangur mældur í fjölda fóstureyðinga er, samkvæmt talnabrunni Embættis landlæknis og algengi fæðinga í aldurshópnum 15 til 19 ára, lægra hér en þar sem tilslökun á menntun, reynslu og gæðakröfum um lyfjaávísanir getnaðarvarna hefur verið innleidd, t.d. í Svíþjóð. Þar hefur breytingin leitt til þess að fjöldi fóstureyðinga er hæstur á Norðurlöndum eða 17,6/1.000 konur en er 12,5/1.000 konur að meðaltali á Íslandi frá aldamótum.

Það er ekki síður áhyggjuefni að reynslan sýnir að þar sem öðrum starfsstéttum er falin heimild til læknisverka án viðhlítandi sambærilegrar menntunar og þjálfunar hefur kostnaður skattborgaranna og samfélagsins að jafnaði vaxið. Ljóst er að með þessari lagabreytingu hefur Alþingi hvorki verið umhugað um að tryggja rétt til bestu þekkingar sem völ er á skv. lögum um réttindi sjúklinga, velferð kvenna né bestun í nýtingu á skattfé borgaranna eða haft það að leiðarljósi. Læknar geta hvorki tekið ábyrgð á né þátt í slíkum vinnubrögðum.



OPIÐ ALLA HELGINA
laugard. kl. 11-16 og
sunnud. 13-17

Jól
SAMSUNG

Gerið góð kaup!

SAMSUNG QLED TV
QE65Q7F
Jólaverð **kr. 349.900,-**
(áður 419.900,-)
Einnig til í 55" og 75"

SAMSUNG
RS50
Hvítur kæliskápur
Jólaverð **kr. 159.900,-**
(áður 189.900,-)

SAMSUNG
R1
Multi Room hátalari
Jólaverð **kr. 17.900,-**
(áður 24.900,-)

SAMSUNG
SAMS23K3523AK/EE
ÖRBYLGJUOFN
Svartur/hvítur 23L 800W

kr. 19.900,-

SAMSUNG
MULTI ROOM HÁTALARI
VL55 og **VL35**
Bluetooth og WiFi Stuðningur.
Til bæði í dökku og ljósu.

Jólaverð **kr. 29.950,-**
(áður 59.900,-)

Jólaverð **kr. 19.950,-**
(áður 39.900,-)

SAMSUNG NU6025



UHD 4K - PQI 1300 - Smart TV

Jólaverð 43" 89.900,-
Jólaverð 50" 99.900,-
Jólaverð 55" 109.900,-
Jólaverð 65" 169.900,-

SAMSUNG NU7445

UHD 4K - PQI 1800 - Smart TV

Jólaverð 43" 119.900,-
Jólaverð 50" 139.900,- UPPSELT
Jólaverð 55" 149.900,-
Jólaverð 65" 225.000,-

SAMSUNG NU8045



Premium UHD 4K - Smart TV - PQI 2600
HDR 1000 - 10 bita skjár

Jólaverð 49" 169.900,-
Jólaverð 55" 189.900,-
Jólaverð 65" 269.900,-
Jólaverð 75" 369.900,-

Netverslun:
ORMSSON.IS

ORMSSON

SAMSUNG SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardagur 15. des. kl. 11-16
Sunnudagur 16. des. kl. 13-17

ormsson

AEG

944 187 849

AEG

944 188 106

AEG

AEG UPPÞVOTTAVÉL
COMFORT LIFT
FFB63806PW FS - HVÍT
vrn. HT911 444 429

kr. 179.900,-

AEG

AEG ÞVOTTAVÉL
L7FBM862E - 8 kg - 1600 sn
vrn. HT914 550 046

Jólaverð **kr. 119.920,-**

(áður 149.900,-)

de BUYER
DEPUIS 1830

CHOC EXTREME
Gæðapönnur í 20 / 24 / 28 og 32cm

staub
en France

Gott úrval af einstökum vörum

Jól
ORMSSON

AEG

AEG ÞURRKARI
T6DEL821G - 8 kg. Barkarlaus
vrn. HT916 097 952

Jólaverð **kr. 99.900,-**

(áður 119.900,-)

BRAUN

310s	300s	ST510
Rakvél	Rakvél	Skeggsnyrtir
kr. 8.990,-	**kr. 7.990,-**	**kr. 9.990,-**

GOTT ÚRVAL HÁRSNYRTITÆKJA FYRIR KARLA OG KONUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Tefal

Jamie Oliver

POTTAR OG PÖNNUR Í GÓÐU ÚRVALI

AEG

AEG UPPÞVOTTAVÉL
FB41600ZW - HVÍT
vrn. HT911 544 013

Jólaverð **kr. 84.900,-**

(áður 99.900,-)

brabantia

Jólaverð **20%**

Þrifalegu ruslaföturnar.
Margar gerðir og úrval lita.

AEG

RYKSUGA
VX8-4-CB E BRÚN
vrn. HT900 940 359

700/650 wött / Orkuflokkur: A / Afköst: Teppi B / Afköst: Parket / Flísar A / Síun: A / Hljóð við notkun: 58 db / Lengjanlegt rör / Tvöfalt filterakerfi (Allergy plus) og þrefaldur poki / Breytilegur aðalsoghaus og parketbursti fylgja / Þrefaldur sogstútur fylgir / Lengd snúru: 9 m. / Vinnuradius: 12 m. / Poki tekur 3,5 L. S-bag / Litur: Súkkulaðibrún / Þyngd: 5,98 kg. (eingöngu ryksugan)

kr. 39.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardagur 15. des. kl. 11-16
Sunnudagur 16. des. kl. 13-17

ormsson

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

Komið að leiðarlokum hjá José

Manchester United staðfesti í gær að José Mourinho hefði verið sagt upp sem knattspyrnustjóra félagsins. Sá portúgalski skilur félagið eftir í vandræðum, nær botnsæti deildarinnar en efstu sætunum.

Það virtist tímaspursmál hvenær Mourinho yrði rekinn eftir tap gegn erkifjendunum í Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY

FÓTBOLTI Í enn eitt skiptið tókst Jose Mourinho ekki að festa sig í sessi til lengri tíma hjá liði þegar honum var sagt upp störfum í gær sem knattspyrnustjóra Manchester United. Með því lauk 935 daga stjóratíð hans á Old Trafford og skilur hann við liðið í sjötta sæti deildarinnar, nítján stigum á eftir toppliði Liverpool og nær neðsta sæti deildarinnar en því efsta þegar tímabilið er að verða hálfnað. Undir stjórn Mourinho unnust þrír titlar á fyrsta árinu en slakt gengi undanfarna mánuði, deilur við leikmenn og stjórnina leiddu til brottrekstrurs. Síðasta hálmstráið var neyðarlegt 1-3 tap gegn Liverpool um helgina.

Það var kunnuglegt að fylgjast með deilum Mourinho og stjórnar Manchester United í sumar. Allt undirbúningstímabilið einkenndist af sögusögnum um ósætti á milli Mourinho og leikmanna ásamt ósætti á milli Mourinho og stjórnar félagsins. Mourinho var tilbúinn að selja Anthony Martial til að fjármagna kaup á nýjum varnarmanni en stjórn félagsins fór gegn honum. Fyrir vikið óskaði Mourinho eftir því að félagið myndi fjárfesta í varnarmanni sem hann taldi sárlega þurfa til að fullkomna leikmannahópinn en fékk engan varnarmann.

Var því ansi margt líkt með þessu og þegar hann var rekinn frá Chelsea 17. desember fyrir þremur árum, hálfu ári eftir að hafa stýrt Chelsea til sigurs í ensku úrvalsdeildinni. Deilur við hátt setta aðila innan félagsins og leikmanna leiddi til þess að stjórn Chelsea átti engan annan kost en að reka hann stuttu fyrir jólin eftir dapurt gengi liðsins.

Þegar rýnt er í tölfræðina sést bersýnilega að það þurfti að grípa til aðgerða. Stigasöfnunin eftir sautján leiki er sú versta í 28 ár og varnarleikurinn sem hefur verið aðalsmerki liða Mourinho hefur verið hriplekur. Manchester United er þegar búið að fá á sig fleiri mörk í sautján leikjum tímabilsins en á öllu síðasta tímabili.

3,7
milljarðar króna er það sem Manchester United þarf að greiða Mourinho fyrir að rifta samningnum.

Enskir fjölmiðlar voru fljótir að velta sér upp úr því hver tæki við keflinu og kom nafn þess norska Ole Gunnar Solskjaer fljótlega fram. Markahrókurinn fyrrverandi hefur þjálfað lið Molde undanfarin ár eftir misheppnaða dvöl hjá Cardiff og er ætlað að rétta skútuna af og stýra liði Manchester United út tímabilið á meðan stjórnin finnur langtímalausn.

Nafn Mauricio Pochettino hefur ítrekað verið nefnt til sögunnar þegar kemur að Manchester United. Hann ýtti frekar undir orðróminn þegar hann forðaðist spurningar blaðamanna í gær um áhuga á því að taka við Manchester United eftir tímabilið.

Aðrir sem hafa verið nefndir til sögunnar eru Zinedine Zidane, Laurent Blanc og Ryan Giggs en það er ljóst að það verður mikil pressa á þeim sem tekur við keflinu.

Það stefnir allt í að sá þjálfari verði sá fjórði sem er ráðinn frá því að Sir Alex Ferguson hætti fyrir rúmum fimm árum. Sá stöðugleiki sem einkenndi félagið í þau 27 ár virðist horfinn enda sama pressa á að ná árangri og berjast um titla á hverju ári ásamt því að spila aðlaðandi knattspyrnu.

kristinnpall@frettabladid.is

Guðrún Brá í 36. sæti í Marokkó

GOLF Guðrún Brá Björgvinsdóttir, atvinnukylfingur úr Golfklúbbnum Keili, lék á pari á þriðja hring úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina í Marokkó í gær og er í 36. sæti þegar tveir hringir eru eftir.

Eftir hring dagsins sem er fjórði hringur mótsins er niðurskurður og fá efstu sextíu kylfingarnir að leika lokahringinn á morgun.

Alls fá efstu 25 kylfingarnir í lok fimmta hrings þátttökurétt á Evrópumótaröðinni, sterkustu mótaröð Evrópu, á næsta ári.

Líkt og fyrstu tvo dagana lék Guðrún Brá stöðugt golf í gær í úthverfi Marrakesh.

Hún fékk tvo skolla, tvo fugla og fjórtán pör og lék annan hringinn í röð á pari.

Alls er Guðrún Brá á einu höggi yfir pari eftir þrjá hringi og er þremur höggum frá 25. sætinu þegar tveir hringir eru eftir. – **kpt**

Meistararnir fengu erfiða andstæðinga

KÖRFUBOLTI Dregið var í 8 liða úrslitin í Geysisbikar karla og kvenna í höfuðstöðvum KKÍ í gær og þar ber hæst að leik Tindastóls og Stjörnunnar í Síkinu þar sem ríkjandi bikarmeistarar taka á móti öflugu liði Garðbæinga.

Á sama tíma tekur KR á móti Grindavík í DHL-höllinni og Skallagrímur mætir ÍR í Breiðholtinu. Vestri sem er eina liðið úr 1. deildinni í 8 liða úrslitunum ferðast til Njarðvíkur og mætir heimamönnum í Ljónagryfjunni.

Í kvennaflokki fá ríkjandi bikarmeistarar í Keflavík strembið verkefni þegar þær taka á móti Val á heimavelli. Keflavík hefur unnið bikarmeistaratitilinn undanfarin tvö ár og eru með sigursælasta liðið í keppninni með alls fimmtán bikarmeistaratitla en Valsliðið er til alls líklegt.

Á sama tíma tekur Snæfell á móti Haukum og Skallagrímur mætir Stjörnunni. ÍR sem er eina liðið úr 1. deildinni kvennamegin mætir liði Breiðabliks í Smáranum. – **kpt**

Æfi mun oftar og betur hérna í Vigo

KÖRFUBOLTI Það hefur allt gengið að óskum hjá Hildi Björgu Kjartansdóttur, landsliðskonu, hjá félagsliði sínu í vetur. Hildur Björg færði sig um set á Spáni frá Leganes síðasta vor og skrifaði í kjölfarið undir samning við Celta de Vigo Baloncesto. Hún flutti um leið frá spænsku höfuðborginni Madrid til Vigo sem er minni og þægilegri borg að hennar mati.

Liðið hefur unnið fyrstu ellefu deildarleiki sína á leiktíðinni og stefnir hraðbyri að því að tryggja sér farseðilinn í úrslitakeppni og í kjölfarið sæti í efstu deild á næstu leiktíð.

„Það urðu mjög miklar breytingar hjá Legenes síðasta vor, þjálfarinn hætti og fór til Rússlands og nánast allir leikmenn liðsins fóru. Forráðamenn Celta de Vigo Baloncesto höfðu samband við mig og sögðu mér að það ætti að setja saman lið sem ætti að fara upp um deild og ég ætti að vera í stóru hlutverki í því liði. Mér leist strax mjög vel á það og sló til," segir hún um vistaskiptin í vor.

Hildur Björg FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Allt sem lagt var upp með hefur gengið upp og ég tel mig hafa bætt mig umtalsvert hérna. Bæði er mikið lagt upp úr einstaklingsæfingum og ég fæ betri hvíld og endurheimt á milli æfinga og leikja. Ég get einbeitt mér af fullum krafti að körfuboltanum hérna og það skilar sér í betri leik inni á vellinum. Ég er mestmegnis að spila sem fjarki, en eftir að fimman okkar sleit liðband hef ég leyst hana af hólmi þar einnig," segir hún.

„Hugmyndafræðin hér er þannig að leikmenn skipta leiktímanum nokkurn veginn jafnt, en ef einhver á betri leik en annar fær hann að njóta þess með auka mínútum. Þetta hentar mér mjög vel og mér líður mjög vel hérna. Það er góð stemming í félaginu og gott yngriflokkastarf. Það skilar sér í finni mætingu á leikina sem er mjög gaman. Við setjum stefnuna á að fara upp í vor og það er klárlega raunhæft markmið," segir landsliðskonan um framhaldið hjá spænska liðinu. – **hó**

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. desember 2018

47. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

OYSTER PERPETUAL

SUBMARINER DATE

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík

511 1900 - www.michelsen.is

Hampiðjan hefur keypt fjölda fyrirtækja

Um 87 prósent veltu Hampiðjunnar kom að utan árið 2017. Veltan tvöfaldaðist við kaup á færeyskum keppinaut 2016. Starfsmenn eru um eitt þúsund. Meginþungi framleiðslunnar fluttist til Litháen 2003 sem var vendipunktur í rekstri félagsins. » 8-9

Framleiðum flóknustu og fullkomnustu kaðla heims.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

»2

Jakob ráðinn forstjóri Korta og hlutafé aukið um milljarð

Fjárfestar leggja Kortaþjónustunni til nýtt hlutafé upp á 1.050 milljónir. Samhliða hlutafjáraukningunni hefur Jakob Már Ásmundsson, fyrrverandi forstjóri Straums, verið ráðinn nýr forstjóri félagsins.

»4

Lán Gamla Byrs ofmetin um tvo milljarða króna

Útlán í lánasafni Byrs, sem Íslandsbanki tók yfir 2011, voru ofmetin um tvo milljarða að mati dómkvaddra matsmanna. Gamli Byr segir matsgerðina sýna að 7 milljarða krafa bankans sé verulega uppsprengd.

»14

Svona geta íslensk stjórnvöld lækkað vexti

„Stjórnvöld hafa það nú í hendi sér að láta verkin tala og vinna að nauðsynlegum umbótum á íslenskum fjármálamarkaði," Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, í aðsendri grein.

OAKLEY

Tilvalið í jóplapakkann

Oakley-hjálmar, margar gerðir og litir, verð frá kr. 19.700

Ray-Ban

RB3025 kr. 15.900

Litir: 001/51, L0205.

Oakley-skíðagleraugu, margar gerðir, verð frá kr. 12.900

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Þorsteinn kaupir út Arion í félagi sem átti í Refresco

Arion banki hefur selt 30 prósenta hlut sinn í eignarhaldsfélaginu EAB 1, sem átti áður um 1,5 prósenta óbeinan eignarhlut í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco Gerber, til erlends félags í eigu Þorsteins M. Jónssonar, fjárfestis og fyrrverandi aðaleigenda Vífilfells. Hann átti fyrir 70 prósenta hlut í EAB 1 í gegnum félagið Lucilin Conceil.

Gengið var frá sölunni í október síðastliðnum en í svari Arion banka við fyrirspurn Markaðarins kemur fram að eignir EAB 1 við söluna hafi að „mestu leyti verið reiðufé enda búið að losa óbeinan eignarhlut félagsins í Refresco“. Ekki liggur fyrir hvert kaupverðið var en í árslok 2017 voru eignir EAB 1 samtals rúmlega þrír milljarðar króna. Þar munaði mestu um 10,45 prósenta eignarhlut félagsins í Ferskur Holding BV, sem var stærsti einstaki hluthafi Refresco með 14,53 prósenta hlut, og var metinn á þeim tíma á 2.253 milljónir króna.

3.000
milljónir var samtals virði eigna EAB 1 í árslok 2017.

Í apríl á þessu ári var gengið endanlega frá sölu á Refresco til alþjóðlegu fjárfestingarsjóðanna PAI Partners og British Columbia Investment Management og nam heildarkaupverð sjóðanna 1,62 milljörðum evra, jafnvirði um 200 milljarða íslenskra króna á þáverandi gengi. Í kjölfarið stóð til að ganga frá slitum Ferskur Holding en samkvæmt upplýsingum frá Arion banka er þeim slitum ekki enn lokið.

EAB 1 varð til sem hluti af uppgjöri Arion banka við skuldir félaga í eigu Þorsteins. Hluti af því samkomulagi var að bankinn myndi fá hlutdeild í söluandvirði og öðrum greiðslum vegna hlutar Vífilfells í Refresco en Þorsteinn hafði eignast hlut sinn í drykkjarvöruframleiðandanum í gegnum Vífilfell.

Aðrir hluthafar í Ferskur Holding voru sem kunnugt er fjárfestingarfélagið Stoðir, sem átti um 8,9 prósenta hlut í Refresco, og slitabú Kaupþings. Stoðir fengu um 18 milljarða króna í sinn hlut við söluna á Refresco fyrr á árinu. Sá hópur fjárfesta sem fer með tögl og hagldir í Stoðum, í gegnum eignarhaldsfélagið S121, samanstendur meðal annars af félögum tengdum Þorsteini, Jóni Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra FL Group og stjórnarmanni í Refresco frá 2009, Einari Erni Ólafssyni, fyrrverandi forstjóra Skeljungs og stjórnarmanni í TM, Magnúsi Ármann, fjárfesti og fyrrverandi stjórnarmanni FL Group, og Örvari Kjærnested, fjárfesti og stjórnarmanni í TM. – **hae**

Þorsteinn Jónsson.

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5000**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

Jakob Már Ásmundsson var forstjóri Straums fjárfestingarbanka á árunum 2013 til 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Milljarður í hlutafé og Jakob ráðinn forstjóri

Núverandi hluthafar ásamt nýjum fjárfestum leggja Kortaþjónustunni til 1.050 milljónir í hlutafé. Þá hefur Jakob Ásmundsson, fyrrverandi forstjóri Straums og áður stjórnarmaður í Arion banka, verið ráðinn nýr forstjóri fyrirtækisins.

Hlutafé Kortaþjónustunnar var í gær aukið um 1.050 milljónir króna en samhliða hlutafjáraukningunni var Jakob Már Ásmundsson, fyrrverandi forstjóri Straums fjárfestingarbanka, ráðinn forstjóri færsluhirðingarfyrirtækisins.

Í samtali við Markaðinn segist Jakob, sem lagði sjálfur til um 80 milljónir króna í hlutafjáraukningunni, hlakka mikið til að takast á við þetta verkefni.

„Kortaþjónustan er sterkt félag með öfluga bakhjarla. Það er mikil gróska í greiðsluþjónustu og fjártæknilausnum og eru vaxtamöguleikar félagsins miklir. Kortaþjónustan hefur allt sem þarf til að sækja fram á þessum markaði og því eru spennandi tímar fram undan,“ segir Jakob.

Samkvæmt upplýsingum frá Kortaþjónustunni voru þátttakendur í hlutafjáraukningunni, sem kom til vegna tapreksturs á yfirstandandi rekstrarári fyrirtækisins, núverandi hluthafar ásamt nýjum fjárfestum. Kvika banki er eftir sem áður stærsti einstaki hluthafi félagsins eftir hlutafjáraukninguna með um 40 prósenta eignarhlut.

Magnús Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Kviku og nýr stjórnarformaður Kortaþjónustunnar, segir í samtali við Markaðinn að hlutafjáraukningin sýni hið sterka bakland sem Kortaþjónustan býr að.

„Það er ánægjulegt að núverandi hluthafar félagsins ásamt nýjum fjárfestum sjái tækifærin sem fólgin eru í félaginu og séu reiðubúnir að styðja við félagið með þessum hætti. Kortaþjónustan hefur tekist á við miklar breytingar á undanförnum misserum í kjölfar gjaldþrots Monarch flugfélagsins undir lok árs 2017,“ segir Magnús.

1.600
milljónir króna nam tap Kortaþjónustunnar í fyrra eftir að hafa lent í alvarlegum greiðsluvanda í kjölfar gjaldþrot Monarch flugfélagsins.

Að sögn Magnúsar er þessum verkefnum nú lokið og félagið stendur á sterkum grunni. „Starfsmenn Kortaþjónustunnar hafa unnið frábært starf við oft á tíðum krefjandi aðstæður. Hlutafjáraukningin mun nýtast vel til að grípa þau fjölmörgu sóknarfæri sem félagið stendur frammi fyrir.“

Jakob, sem var forstjóri Straums fjárfestingarbanka á árunum 2013 til 2015 og lét af störfum sem stjórnarmaður í Arion banka fyrr á árinu, tekur við forstjórastarfinu af Björgvini Skúla Sigurðssyni. Hann lét af störfum hjá Kortaþjónustunni í síðasta mánuði eftir að hafa verið ráðinn til félagsins í ársbyrjun.

Sem kunnugt er keypti Kvika banki og hópur einkafjárfesta Kortaþjónustuna á eina krónu í fyrra og lögðu félaginu um leið til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutafé. Kortafyrirtækið stóð frammi fyrir alvarlegum lausafjárvanda í kjölfar greiðslustöðvunar Monarch Airlines en fyrirtækið var á meðal átta fyrirtækja sem sáu um færsluhirðingu fyrir flugfélagið.

Rekstrartekjur Kortaþjónustunnar, sem fékk leyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem greiðslustofnun á árinu 2012, námu ríflega 4,5 milljörðum á síðasta ári og nær tvöfölduðust frá fyrra ári þegar þær voru tæpir 2,3 milljarðar. Tap félagsins nam hins vegar um 1,6 milljörðum króna. Heildareignir samstæðunnar námu 1.520 milljónum í árslok og eigið fé félagsins var rúmlega 400 milljónir.

Áður en ráðist var í hlutafjáraukningu Kortaþjónustunnar voru stærstu hluthafar félagsins, fyrir utan Kviku banka, fjárfestingarfélagið Óskabein með tíu prósenta hlut. Félagið, sem er stór hluthafi í VÍS, er meðal annars í eigu Sigurðar Gísla Björnssonar, eiganda Sæmarks sjávarafurða, Gests Breiðfjörð Geststssonar, eiganda Sparnaðar, og Andra Gunnarssonar, lögmanns og fjárfestis. Þá áttu hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson, sem eru stórir fjárfestar í Kviku og VÍS, um 6,7 prósenta hlut í Kortaþjónustunni í gegnum félagið K2B fjárfestingar.

Aðrir helstu hluthafar fyrirtækisins eru félög í eigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis, sem fór með tæplega sex prósenta hlut fyrir hlutafjáraukninguna, og bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir, í gegnum eignarhaldsfélagið Frigus, áttu liðlega fimm prósenta hlut. Þá var Sigurður Valtýsson, fyrrverandi forstjóri Exista og viðskiptafélagi Bakkavararbræðra, með fimm prósent í gegnum félagið Svalt ehf. og fjárfestingarfélagið Varða Capital, sem er í meirihlutaeigu Jónasar Hagans Guðmundssonar og Gríms Garðarssonar, átti sömuleiðis fimm prósenta hlut. **hordur@frettabladid.is**

Minnkar við sig í Regin og Reitum

Sjóðir á vegum bandarísku sjóðastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management, eins umsvifamesta erlenda fjárfestisins hér á landi, hafa á síðustu vikum minnkað talsvert við sig í nokkrum skráðum félögum.

Þannig hafa sjóðirnir Global Macro Absolute Return Advantage og Global Macro Portfolio – sem hafa látið hvað mest til sín taka á íslenskum hlutabréfamarkaði – nýverið selt um eins prósents eignarhlut í Reitum. Sjóðirnir tveir áttu samanlagt 6,2 prósenta hlut í fasteignafélaginu um miðjan síðasta mánuð en fara nú með 5,2 prósenta hlut í félaginu, samkvæmt nýjasta lista yfir stærstu hluthafa Reita.

» 67 milljarðar króna var fjárfesting Eaton Vance í skuldabréfum, lánum og hlutafé hér á landi í lok júlí.

Sjóðir í stýringu Eaton Vance hafa jafnframt minnkað talsvert við sig í Regin sem sýnir sig meðal annars í því að hlutur sjóðsins Global Macro Absolute Return Advantage hefur minnkað úr 3,7 prósentum frá því í haust í tæplega 2,6 prósent nú. Þá er Global Macro Portfolio ekki lengur í hópi tuttugu stærstu hluthafa fasteignafélagsins en sjóðurinn fór með 1,8 prósenta hlut í félaginu í haust.

Sjóðirnir tveir hafa auk þess minnkað við sig í TM og fara nú með samanlagt ríflega þriggja prósenta hlut í tryggingafélaginu borið saman við 4,5 prósenta hlut síðasta sumar.

Einnig hefur hlutur sjóðanna í Festi minnkað um 1,2 prósent frá því í byrjun nóvember. Sjóðirnir fara nú með 3,3 prósenta hlut í félaginu. – **kij**

Ford tekur þig lengra
Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Focus

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

Útlán Byrs ofmetin um tvo milljarða

Útlán í lánasafni Byrs, sem Íslandsbanki tók yfir haustið 2011, voru ofmetin um ríflega tvo milljarða króna að mati dómkvaddra matsmanna. Gamli Byr segir matsgerðina sýna að krafa Íslandsbanka upp á sjö milljarða króna sé verulega uppsprengd. Bankinn hefur óskað eftir frekari rökstuðningi frá matsmönnunum.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabla

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka. Bankinn hefur lagt fram kröfu á hendur Gamla Byr upp á 6,7 milljarða króna auk vaxta og 1 milljarð gegn ríkinu auk vaxta. Eins og greint hefur verið frá í Markaðinum hafa tilraunir Gamla Byrs til þess að ná sáttum við bankann ekki borið árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Dómkvaddir matsmenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að hátt í 1.500 lán í lánasafni Byrs, sem Íslandsbanki tók yfir haustið 2011 og matsmönnunum var falið að verðmeta, hafi verið ofmetin um ríflega 2,2 milljarða króna í bókum Byrs um mitt ár 2011. Til samanburðar hefur Íslandsbanki gert kröfu á hendur Gamla Byr sem hljóðar upp á rúma 7 milljarða króna.

Í bréfi sem stjórn Gamla Byrs sendi kröfuhöfum í síðasta mánuði og Markaðurinn hefur undir höndum segir hún að niðurstaða matsmannanna, sem lá fyrir 9. nóvember, sé skýrt merki um að krafa Íslandsbanka sé „verulega uppsprengd“.

Er það auk þess mat Gamla Byrs að umrætt tveggja milljarða króna ofmat á verðmæti lánasafnsins hafi verið innan viðunandi skekkjumarka, ekki síst þegar haft sé í huga hvenær og við hvaða kringumstæður lánin hafi verið keypt. Í ljósi þess að Íslandsbanki hafi keypt eignir af slitabúi Gamla Byrs og ríkissjóði sem hafi verið metnar á 140 milljarða króna sé krafa upp á tvo milljarða króna „óveruleg“.

Engu að síður segist Gamli Byr telja að skýrsla matsmannanna sé háð ýmsum annmörkum. Lýsir félagið sig ósammála þeirri meginniðurstöðu matsgerðarinnar að lán Byrs hafi verið ofmetin um meira en tvo milljarða króna.

Íslandsbanki segir í svari við fyrirspurn Markaðarins að matsgerðin staðfesti í megindráttum að ársreikningar og uppgjör Byrs hafi ekki verið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og afskriftarreglur Byrs.

Umræddir matsmenn, endurskoðendurnir Lúðvík Karl Tómasson og María Sólbergsdóttir, skiluðu matsgerð sinni í síðasta mánuði eftir fjögurra og hálfs árs vinnu. Þeim var falið að meta virði 1.474 lána í lánasafni Byrs sem fylgdu með í kaupunum þegar Íslandsbanki keypti Byr á 6,6 milljarða króna haustið 2011 en bankinn telur að ofmat á verðmæti lánasafnsins hafi valdið sér fjártjóni. Samhliða matsbeiðninni lagði bankinn fram kröfu á hendur Gamla Byr upp á 6,7 milljarða króna auk vaxta og 1 milljarð gegn ríkinu auk vaxta.

Niðurstaða matsmannanna er sú að umrædd lán hafi verið ofmetin um ríflega 2 milljarða króna í bókum Byrs í lok árs 2010 og 2,2 milljarða króna í bókum félagsins um mitt ár 2011. Þá töldu matsmennirnir að ársreikningar Byrs hefðu ekki verið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS og átti það sama við um útreikninga Íslandsbanka og KPMG að baki kröfu bankans.

Segir matið háð annmörkum

Í áðurnefndu bréfi Gamla Byrs, sem lauk nauðasamningum í janúar árið 2016, segist félagið búast við því að Íslandsbanki lækki kröfu sína í samræmi við niðurstöðu matsmannanna. Það geti ekki verið neinn grundvöllur fyrir hærri kröfu. Samt sem áður geri félagið margs konar fyrirvara við efnislegar niðurstöður matsmannanna.

Gamli Byr bendir til að mynda á að stór hluti þeirra upplýsinga og skjala sem vísað er til í matsgerðinni til stuðnings þeirri niðurstöðu að lán Byrs hafi verið ofmetin hafi verið kynntur öllum hugsanlegum kaupendum, þar á meðal Íslandsbanka, í söluferli Byrs á sínum tíma. Íslandsbanka hafi því átt að vera kunnugt um upplýsingarnar enda hafi bankinn gert ítarlega áreiðanleikakönnun á eignum Byrs.

Til viðbótar telur Gamli Byr að forsendurnar að baki niðurstöðu matsgerðarinnar hafi byggst á afar ströngum túlkunum á reikningsskilastöðlum og gangvirðismötum. Aðferðafræði matsmannanna hafi jafnframt verið óljós og útreikningar þeirra háðir nokkurri óvissu. Enn fremur hafi ekki verið lagt mat á þær tryggingar sem lágu að baki lánunum.

Er tekið fram í bréfinu að skortur á nákvæmni í matsgerðinni, svo sem í tengslum við niðurstöðu hennar, aðferðafræði og forsendur, hafi vakið undrun á meðal lögfræðinga og ráðgjafa Gamla Byrs, enda hafi matsmennirnir unnið að matinu í meira en fjögur og hálft ár. Segir í bréfinu að svo virðist sem matsmennirnir hafi átt erfitt með að svara matsspurningunum eins og þær hafi verið settar fram af hálfu Íslandsbanka.

Gamli Byr segir að matsgerðin leiðrétti ekki þá bresti sem séu á kröfu Íslandsbanka og undirstriki hve mikil óvissa ríki um kröfuna. Matsgerðin sé því til þess fallin að skjóta styrkari stoðum undir kröfu Gamla Byrs um að málinu verði vísað frá dómi.

Verði málinu hins vegar ekki vísað frá er það mat lögfræðinga Gamla Byrs að matsgerðin ætti að styðja við málsvarnir félagsins.

Íhuga að selja kröfur sínar

Eins og fjallað hefur verið um í Markaðinum hafa tilraunir Gamla Byrs til þess að ná sáttum við Íslandsbanka ekki borið árangur. Bankinn hafnaði til að mynda sáttatillögu Gamla Byrs síðasta haust en félagið taldi gagntilboð bankans, sem var það sama og hann lagði fram í byrjun ársins, óviðunandi.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var tilboð Gamla Byrs lítillega hærra en gert var ráð fyrir í óformlegum viðræðum deilenda fyrir um ári. Var þá áætlað að ríkið myndi fá um þrjá milljarða króna í sinn hlut. Slík greiðsla hefði þá verið þríþætt, í formi tveggja milljarða króna stöðugleikaframlags, um 750 milljóna króna lausnargjalds til Íslandsbanka og útgreiðslu til bankans sem kröfuhafa í slitabúinu, en bankinn á um átta prósent krafna í Gamla Byr.

Kröfuhafar Byrs, að stærstum hluta þýskir bankar og sparisjóðir sem eru upprunalegir lánveitendur sparisjóðsins, eru orðnir langþreyttir á deilunni og vinnubrögðum Íslandsbanka, að sögn þeirra sem þekkja vel til mála, og eru sumir þeirra sagðir íhuga að selja kröfur sínar.

Krefjast frekari svara frá matsmönnum

Íslandsbanki segir í svari við fyrirspurn Markaðarins að í matsgerðinni hafi afskriftarþörfin við kaupin á Byr verið metin lægri en útreikningar bankans og KPMG hafi leitt í ljós. Af þeim sökum hafi bankinn óskað eftir frekari rökstuðningi frá matsmönnunum.

„Ákvörðun um hvort óskað verður eftir yfirmati ræðst að nokkru af rökstuðningi frá undirmatsmönnum, þegar hann berst,“ segir í svarinu.

Gestur Jónsson, lögmaður Gamla Byrs, segist í samtali við Markaðinn hafa mótmælt umræddri kröfu bankans. „Þetta eru fjölmargar nýjar spurningar sem ekki er hægt að krefjast skriflegra svara um þegar matsmenn eru búnir að skila skriflegri matsgerð,“ segir hann.

7,7

milljarðar króna er krafa Íslandsbanka á hendur Gamla Byr og ríkissjóði.

Færsluhirðir WOW air heldur meiru eftir af fjárhæð fargjalda

Færsluhirðir WOW air heldur nú eftir umtalsvert stærri hluta en áður af fargjöldum sem farþegar flugfélagsins greiða þangað til flugferð hefur verið farin. Þetta kemur fram í bréfi sem félagið skrifaði skuldabréfaeigendum sínum síðasta föstudag.

Aukin varfærni færsluhirðisins er í bréfinu nefnd sem dæmi um þá vaxandi íhaldssemi sem hefur gætt á meðal kröfuhafa WOW air undanfarna mánuði. Afleiðingin sé sú að þau kjör sem flugfélaginu bjóðist hafi farið versnandi.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í sumar að færsluhirðar skilgreindu áhættu gagnvart íslensku flugfélögunum með afar mismunandi hætti. Í tilfelli Icelandair skilaði fjárhæð fargjalda sér yfirleitt strax inn á reikninga félagsins en í tilfelli WOW air héldu færsluhirðarnir eftir 80 til 90 prósentum af fjárhæðinni þar til flugferð hefði verið farin.

Í bréfi WOW air til skuldabréfaeigendanna, þar sem greint er frá fyrirhugaðri fjárfestingu Indigo Partners í félaginu fyrir allt að 75 milljónir dala, um 9,2 milljarða króna, er tekið fram að fjárfestingin sé háð því að eigendur skuldabréfanna samþykki ákveðnar breytingar á skilmálum bréfanna.

Ein breytingin felst í því að heimila flugfélaginu að greiða hluthöfum sínum – sem verða þeir Skúli Mogensen, forstjóri og núverandi eigandi, og Indigo ef kaup síðarnefnda félagsins ganga eftir – sérstaka þóknun (e. management fee) upp á allt að 1,5 milljónir dala, jafnvirði um 184 milljóna króna, á ári.

9,2

milljarðar króna er fyrirhuguð fjárfesting Indigo Partners, að hámarki, í WOW air.

Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW air.

Til viðbótar munu skuldabréfaeigendurnir kjósa um lengingu á lánstímanum úr þremur árum í fimm ár og niðurfellingu kauprétta þeirra að hlutafé í flugfélaginu, svo dæmi séu nefnd. Atkvæðagreiðslunni lýkur 17. janúar.

Eins og fram kemur í bréfi WOW air áformar Indigo Partners að kaupa „einhver“ hlutabréf í flugfélaginu sem og gefa út breytanleg skuldabréf til þess að styðja við uppbyggingu félagsins til framtíðar. – kij

VISSIR ÞÚ

AÐ

EIMUR

ER SAMSTARFSVERKEFNI ORKUFYRIRTÆKJA OG SVEITARFÉLAGA UM BÆTTA NÝTINGU NÁTTÚRUAUÐLINDA Á NORÐAUSTURLANDI?

- MINNA Á MIKILVÆGI AUÐLINDANNA
- STYRKJA ORKUNÝSKÖPUN OG FJÖLNÝTINGU
- AUKA SJÁLFBÆRNI MEÐ ÞVERFAGLEGRI SAMVINNU
- MARKAÐSETJA NORÐAUSTURLAND SEM UMHVERFISVÆNT JARÐHITASVÆÐI
- STYÐA VIÐ RANNSÓKNIR OG ÞEKKINGARSKÖPUN
- GREINA OG KORTLEGGJA TÆKIFÆRI

www.eimur.is

facebook.com/eimurNA

instagram.com/eimur_iceland

EIMUR

@ NAGrafík

Velta vefverslunar Advania tvöfaldaðist

Framlegðin af verslun Advania á Íslandi tvöfaldaðist þegar hún var færð inn í stafræna heima og versluninni í Guðrúnartúni var lokað. Starfsmenn fyrirtækisins töldu að netverslun ætti mikið inni hérlendis og gerbreyttu vinnulagi við rekstur vefverslunarinnar.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Ægir Már Þórisson, forstjóri Advania á Íslandi, segir að í raun hafi ekki verið erfið ákvörðun að loka versluninni og einbeita sér að netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Velta vefverslunar Advania á Íslandi hefur aukist um 82 prósent frá því að verslun fyrirtækisins í Guðrúnartúni var lokað fyrir rúmi ári. Að sama skapi hefur framlegð af sölu tvöfaldast.

Þetta segir Ægir Már Þórisson, forstjóri Advania á Íslandi, í samtali við Markaðinn. Hann segir að hann líti ekki svo á að versluninni hafi verið lokað heldur að hún hafi verið færð inn í stafræna heima.

Ægir Már segir að ákvörðunin hafi verið tekin í ljósi þess að Advania staðsetji sig á markaði með þeim hætti að fyrirtækið sinni fyrst og fremst öðrum fyrirtækjum og stofnunum. Margir viðskiptavinir heimsæki fyrirtækið og því hafi verið auðvelt að stilla upp vörum til sýnis í þeirri von að af kaupum yrði. „Verslunin fékk því ekki þá athygli sem þarf til að skara fram úr."

Við upphaf árs hafi margir haft efasemdir, segir hann, um rekstur vefverslana hérlendis. Vegalengdir séu stuttar. Íslendingar fari því frekar út í verslanir.

Töldu netverslun eiga mikið inni

Hann segir að starfsmenn fyrirtækisins hafi talið að netverslun ætti mikið inni. Landsmenn nýti vefverslun í minni mæli en margar aðrar þjóðir. „Þangað er margt að sækja. Íslendingar eru ekki frábrugðnir öðrum í heiminum. Við kjósum þægindi og öryggi umfram annað," segir hann.

Fram kom í Markaðnum fyrir viku að á undanförnum tólf mánuðum hafi 55 prósent Íslendinga verslað á netinu, samkvæmt könnun Zenter rannsókna. Til samanburðar versluðu þrír af hverjum fjórum Norðmönnum á netinu á síðasta ári.

Spurður hvort þetta hafi verið erfið ákvörðun innanhúss segir hann svo ekki vera. „Í rauninni var þetta ekki erfið ákvörðun. Rökin hnigu öll í sömu átt."

„Hugmyndin var að reka vefverslun sem við myndum sinna af krafti," segir Ægir Már. „Mistökin sem stundum eru gerð, er að vefverslununi er ekki sinnt eftir að hún er komin í loftið. Þótt verslunin sé veflæg þarf að hafa verslunarstjóra og sinna öllum hefðbundnum verslunarstörfum öðrum en að afgreiða yfir búðarborð," segir Ægir Már.

Íslendingar eru ekki frábrugðnir öðrum í heiminum. Við kjósum þægindi og öryggi umfram annað.

Advania lagði í mikla undirbúningsvinnu áður en vefversluninni var hleypt af stokkunum. „Við nutum góðs að því að veita sjálf ráðgjöf og þjónustu á þessu sviði og vorum því vel í stakk búin til að innleiða bestu lausnirnar," segir hann.

Keppa við Amazon

Hann bendir á að nú keppi fyrirtækið við Amazon og önnur erlend fyrirtæki. Í þeirri samkeppni skipti neytendavernd máli. „Fólk vill hafa ábyrgðarskilmála á hreinu gagnvart einhverjum sem auðvelt er að ná í. Annað sem skiptir máli er hve fljótt varan kemur til landsins. Við erum frekar óþolinmóð þjóð og viljum helst fá vöruna samstundis.

Íslensk vefverslun keppir á þeim grunni. Auk þess er sendingarkostnaður hingað tiltölulega hár. Þótt varan sé ódýrari á erlendri vefsíðu þarf að gera ráð fyrir sendingarkostnaði en það er ókeypis hjá okkur. En til þess að keppa við Amazon þarf vefverslunin að vera góð og standast samanburð. Það er nefnilega himinn og haf á milli góðrar og lélegrar vefverslunar. Góð vefverslun leiðir viðskiptavini í gegnum ferlið og gefur kost á að bera saman vörur. Þetta verður að vera einfalt."

Gerbreyttu vinnulagi

Til að Advania á Íslandi gæti náð téðum árangri í vefversluninni varð að gerbreyta vinnulagi. „Við þurftum að hugsa þjónustu í kringum vefverslunina upp á nýtt, hafa sendingartíma varanna mjög skamman, ekkert sendingargjald og sjá til þess að allir viðskiptavinir gætu fengið þjónustu í vefspjalli um leið og þeir óskuðu eftir henni. Það þurfti að sjá til þess að vörulýsingar væru í lagi og að viðskiptavinurinn gæti borið saman eiginleika og verð á vörum með einföldum hætti. Allt sölu- og markaðsstarf varð starfrænt, mælanlegt og rekjanlegt.

Á móti kom að við jukum ráðgjöf til fyrirtækja og settum hluta af söluteyminu í að kynna vefverslunina fyrir viðskiptavinum okkar. Fyrirtækin sem versla við Advania geta nú skráð sig inn á sínar síður í vefversluninni, skoðað gamlar pantanir og viðskiptasögu, og gert ný kaup sem byggja á henni. Með þessari ákvörðun gátum við margfaldað vöruúrval okkar. Nú eru um tvö þúsund vörutegundir í vefverslun okkar sem aldrei hefðu rúmast í verslunarrýminu okkar," segir Ægir Már.

Samkaup hafa kært kaup Haga á Olís til áfrýjunarnefndar

Samkaup hafa kært til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að heimila kaup Haga á Olís. Krefst matvörukeðjan aðallega að ákvörðunin verði felld úr gildi og kaupin ógilt en til vara að áfrýjunarnefnd samkeppnismála ákveði að binda kaupin frekari skilyrðum og takmörkunum, einkum er varðar möguleika sameinaðs félags til þess að vaxa á sviði dagvörumarkaðar.

Samkeppniseftirlitið samþykkti sem kunnugt er samruna Haga, Olís og fasteignafélagsins DGV í lok síðasta mánaðar gegn ákveðnum skilyrðum, meðal annars um sölu eigna.

Hagar fóru fram á að kæru Samkaupa yrði vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála þar sem félagið hefði ekki kæruaðild í málinu en nefndin hafnaði kröfunni í gær. Mun nefndin því taka kæru Samkaupa til efnislegrar meðferðar. Fram kom í tilkynningu sem Hagar birtu í Kauphöllinni í gær að ekki lægi fyrir hve langan tíma afgreiðsla málsins mun taka hjá nefndinni.

Kaup Haga á Olís voru heimiluð í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Er það mat áfrýjunarnefndarinnar að umrædd kaup geti haft áhrif á stöðu Samkaupa og snert félagið með þeim hætti sem aðgreinir stöðu þess frá öðrum. Bendir nefndin í því sambandi á að við meðferð málsins hafi Samkeppniseftirlitið ítrekað leitað eftir umsögnum og sjónarmiðum Samkaupa til kaupanna. Telja verði því að Samkaup geti haft mikilvæga og sérstaka hagsmuni af kaupunum og eigi því með réttu aðild í málinu. – kij

Fá að kaupa áskriftarréttindi í Kviku

Fyrirhugað er að bjóða starfsmönnum GAMMA Capital Management að kaupa áskriftarréttindi að hlutum í Kviku banka í kjölfar yfirtöku fjárfestingarbankans á verðbréfafyrirtækinu. Er af þeim sökum stefnt að því að auka heimild bankans til þess að gefa út slík réttindi á næsta aðalfundi. Starfsmönnum Kviku hefur hingað til staðið til boða að kaupa sams konar áskriftarréttindi í bankanum.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í kynningu Kviku banka vegna kaupanna á GAMMA sem fjallað var um á hluthafafundi bankans síðdegis í gær.

Í kynningunni kemur jafnframt fram að Kvika hyggist halda eftir hluta kaupverðsins, nánar tiltekið 200 milljóna króna greiðslu árangurstengdra þóknana, til þess að verja sig fyrir mögulegu tjóni vegna sekta, dómsmála eða annarra krafna sem rekja megi til atvika sem eigi sér stað fyrir kaupin.

Eins og fram hefur komið er kaupverðið á GAMMA riflega 2,4 milljarðar króna miðað við bókfært virði árangurstengdra þóknana hjá verðbréfafyrirtækinu í lok júní síðastliðins en verðið getur breyst til hækkunar eða lækkunar eftir því hvernig rekstur og verðmæti fyrirtækisins þróast á næstu misserum.

2,4

milljarðar króna er kaupverð Kviku á GAMMA miðað við stöðu árangurstengdra þóknana hjá GAMMA í lok júní.

Fram kemur í kynningu Kviku að ekki liggi fyrir áform um að sameina GAMMA og önnur félög í samstæðu fjárfestingarbankans. Þó sé ljóst að mikil tækifæri séu fólgin í því að sambætta ýmsa hluta starfsemi félagsins við starfsemi Kviku en í því sambandi er meðal annars nefnd sameining á sjóðum sem eru sambærilegir hjá GAMMA og Júpíter, dótturfélagi Kviku, og útvistun á ýmissi stoðþjónustu til Kviku.

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku banka.

Gert er ráð fyrir að áhrif kaupanna á GAMMA á afkomu Kviku fyrir skatta verði um 300 til 400 milljónir króna á ársgrundvelli.

Eins og fram kom í tilkynningu Kviku til Kauphallarinnar í gær hefur stjórn bankans ákveðið að stefna að skráningu hlutabréfa bankans á aðalmarkað Kauphallarinnar fyrir lok fyrsta fjórðungs næsta árs. Ekki er gert ráð fyrir að hlutafjárútboð verði haldið samhliða skráningunni. – kij

Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Peugeot 3008 sem Bíl ársins 2018 á Íslandi úr hópi 30 bíla. Þetta er mikil viðurkenning á gæðum Peugeot sem hafa heillað heimsbyggðina, hann hefur unnið til 38 alþjóðlegra verðlauna. PureTech bensínvél bílsins hlaut þann heiður að vera valin Vél ársins fjórða árið í röð!

KOMDU OG KEYRÐU TÍMAMÓTABÍLINN PEUGEOT 3008!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17

Peugeotisland.is

Hampiðjan teygir anga sína til 14 landa

Um 87 prósent veltu Hampiðjunnar voru erlendis árið 2017. Hampiðjan keypti færeyskan keppinaut árið 2016 og veltan tvöfaldaðist. Seldi 9,6 prósenta hlut í HB Granda til að fjármagna kaupin. Eiginfjárhlutfallið um 50 prósent. Starfsmenn eru um eitt þúsund. Meginþungi framleiðslunnar var fluttur árið 2003 til Litháen og var það vendipunktur í rekstrinum.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Hjörtur Erlendsson, forstjóri Hampið'junnar, segir að Noregur skapi fyrirtækinu mestar tekjur, því næst Færeyjar og svo Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

Nær öll velta Hampiðjunnar, sem metin er á 16,5 milljarða króna í Kauphöll, kemur að utan. Þannig hefur því verið háttað lengi. „Um 87 prósent veltu fyrirtækisins á árinu 2017 má rekja til sölu erlendis. Hlutfallið hefur verið hátt í áratugi. Jafnvel á árunum þegar ég hóf hér störf, sem var 1985, var mikið flutt út til Danmerkur, Færeyja og Kanada og hlutfallið var um 20 prósent," segir Hjörtur Erlendsson, forstjóri Hampiðjunnar.

„Eftir að við keyptum færeyska fyrirtækið Vónin árið 2016 varð Noregur það land sem skapaði okkur mestar tekjur, því næst Færeyjar, svo Ísland og í fjórða sætinu er Grænland. Ísland er hins vegar kjarninn í starfseminni. Hér eru okkar höfuðstöðvar og mikið af okkar nýsköpun er tilkomin vegna samstarfs við íslenskar útgerðir og skipstjóra. Hér verða hugmyndir að vörum til sem við síðan þróum og kynnum fyrir öðrum. Ísland er eina landið núorðið þar sem veiðarfæragerð er sérstök iðnmenntun og það hefur tryggt hátt menntunarstig í greininni og forskot á heimsvísu," segir hann.

Við kaupin á Vónin fyrir 333 milljónir danskra króna, sem jafngildir 6,2 milljörðum króna miðað við gengi gjaldmiðla um þessar mundir, tvöfaldaðist velta Hampiðjunnar. Hún var um 127 milljónir evra í fyrra, tæplega 18 milljarðar króna.

Byrjum á byrjuninni. Segðu mér aðeins frá sögu fyrirtækisins.

„Hampiðjan verður 85 ára á næsta ári. Upphafið má rekja til skorts á veiðarfærum á árunum milli stríða. Þrettán skipstjórar og vélstjórar tóku sig saman og stofnuðu fyrirtæki sem framleiddi garn sem hnýta mátti úr net. Fjárfest var í vélum til að kemba og spinna þræðina úr hampi, manillu og sísal en öll þessi efni voru keypt erlendis. Síðan var garnið hnýtt í net bæði í Hampiðjunni og á heimilum og býlum hér á suðvesturhorninu. Upp úr 1965 koma gerviefni til sögunnar og tækin sem fyrirtækið hafði þá yfir að ráða nýttust ekki til að verka þau. Eigendurnir stóðu því frammi fyrir þeirri stóru ákvörðun hvort það ætti að leggja fyrirtækið niður eða fjárfesta í nýjum tækjum. Fjárfestingin varð blessunarlega ofan á. En það kallaði á að það þurfti að hanna allar vörur upp á nýtt úr nýju gerviefnunum og á þeim tíma hófst hin mikla vöruþróun sem hefur fylgt okkur í Hampiðjunni allar götur síðan.

Fram að 1995 var Hampiðjan að mestu efnisframleiðandi. Flest netaverkstæðin á Íslandi á þeim tíma voru lítil og höfðu ekki burði til að þróa veiðarfæri. Hampiðjan hannaði veiðarfæri í samstarfi við þau og útgerðarfyrirtækin og efnið sem var notað kom þá einnig frá Hampiðjunni. Um miðjan tíunda áratuginn vaknaði áhugi á að reka eigin netaverkstæði og var brugðið á það ráð að stofna og kaupa verkstæði erlendis til að fara ekki í samkeppni við viðskiptavini okkar á Íslandi.

Við erum eflaust stærsti togveiðarfæraframleiðandi í heiminum. Okkar sérstaða er að við ráðum öllu framleiðsluferlinu allt frá því að kaupa inn plastkorn til að búa til þræði og þar til að við skilum frá okkur tæknilega fullkomnustu trollum sem völ er á í heiminum.

Hampiðjan hóf starfsemi í Namibíu í Afríku, á Nýja-Sjálandi og síðar í Seattle í Bandaríkjunum. Nú rekum við 26 fyrirtæki um allan heim, störfum í 14 löndum í fimm heimsálfum og við spönnum frá vestasta odda Alaska til Nýja-Sjálands í austri. Um aldamótin lögðum við enn meira kapp á að vera með starfsemi erlendis. Við keyptum tvö fyrirtæki á Írlandi og sameinuðum þau undir nafninu Swan Net Gundry og svo skömmu síðar keyptum við meirihlutann í stærsta netaverkstæði Danmerkur, Cosmos Trawl.

Frá því að ég tók við sem forstjóri árið 2014 höfum við keypt Swan Net í Seattle, komið á fót starfsemi í Ástralíu og keypt einn stærsta keppinaut okkar á Norður-Atlantshafi, Vónin í Færeyjum. Í fyrra eignuðumst við síðan meirihluta í íslenska fyrirtækinu Voot Beitu og í byrjun þessa árs keyptum við North Atlantic Marine Supplies & Services sem rekur þrjú netaverkstæði á Nýfundnalandi og Nova Scotia og um mitt þetta ár spænska netaverkstæðið Tor-Net SA í Las Palmas á Kanaríeyjum. Einnig eignuðumst við dótturfyrirtækið Fjarðanet hér á Íslandi að fullu nú í haust.

Fólk

Jólin

MIÐVIKUDAGUR 19. DESEMBER 2018

Sylvía Haukdal Brynjarsdóttir gefur uppskrift að girnilegum jóladesert og blúndukökum.
jólin ➔8

Elsa Ólafsdóttir er annar eigandi verslunarinnar Gegnum glerið. Þær Aðalheiður Alfreðsdóttir standa vaktina fyrir jólin og aðstoða viðskiptavini við að finna réttu jólagjöfina. Gegnum glerið býður upp á vandaðar vörur m.a. frá þýska framleiðandanum Lambert og franska fyrirtækinu Gien. MYNDIR/ANTON BRINK

Gegnum glerið – verslun fagurkerans

Gegnum glerið er mörgum að góðu kunn sem ein fallegasta verslun landsins. Þar fást gjafavörur í sérflokki þar sem tímalaus hönnun og gæði fara saman. Vöruúrvalið spannar allt frá matarstellum upp í stærri húsgögn.➔2

Jóladiskar úr postulíni frá Gien eru fyrir löngu orðnir söfnunarvara, enda hver diskur eins og listaverk.



Dux rúmin fást í Duxina, systurverslun Gegnum glerið.

Gegnum glerið er með stórar sem smáar gjafavörur.

Þýska fyrirtækið Lambert er með breiða línu af gjafavörum og húsgögnum.

Matarstellin frá Lambert eru í sérflokki hvað varðar gæði og hönnun.

Sængurföt frá Georg Jensen Damask og Gant eru mjög vinsæl til jólagjafa.

Tímalaus hönnun einkennir vörurnar sem fást í Gegnum glerið.

Framhald af forsíðu

Elsa Ólafsdóttir og Rúnar Jónsson, eigendur Gegnum glerið, hafa rekið verslunina frá árinu 1991. Þau hafa alla tíð lagt mikið upp úr vönduðum vörum frá gæðaframleiðendum sem eru leiðandi á sínu sviði.

„Við erum yfirleitt með einkaumboð fyrir þær vörur sem fást í Gegnum glerið. Lambert er okkar aðalfyrirtæki í sambandi við gjafavöru og hefur verið allt frá byrjun. Lambert er þýskt lífsstílsfyrirtæki og vörurnar frá þeim spanna allt frá gjafavörum, speglum, ljósum og upp í húsgögn. Allar vörur frá fyrirtækinu eru handgerðar og þar eru gæði og góð hönnun í fyrirrúmi," segir Elsa en á þessu ári eru 50 ár frá því að Lambert var stofnað.

Hjartað í Gegnum glerið

„Lambert er í raun hjartað í Gegnum glerið. Allar vörur frá þeim eru tímalausar og henta vel með hvaða stíl sem er, hvort sem um er að ræða antík, funkis eða naumhyggju. Það er því sama hvernig heimilið er, vörurnar frá Lambert passa alls staðar inn," segir Elsa og nefnir sem dæmi að kertastjakar og vasar frá Lambert séu mjög vinsælir um þessar mundir. „Við erum með einstaklega fallega vasa úr munnblásnu gleri og stóra svarta leirvasa sem er flottir á gólfi. Við erum líka með matarstell frá Lambert, sem eru mjög eftirsótt."

Húsgögnin frá Lambert eru einnig sérstaklega smekkleg og

> **Allar vörur frá Lambert eru tímalausar og henta vel með hvaða stíl sem er, hvort sem er um að ræða antík, funkis eða naumhyggju.**

þau eru öll handsmíðuð. „Við erum með gott úrval af húsgögnum frá þeim, svo sem glerskápa, sáborð, hægindastóla og kolla, svo eitthvað sé nefnt," segir Elsa.

Jóladiskar úr postulíni

Síðan erum við með vörur frá Gien, sem er franskt postulínsfyrirtæki. Upphaflega var það postulínssafn og franska borgin Gien heitir eftir fyrirtækinu sem var stofnað árið 1841. Frægasta varan frá þeim eru jóladiskarnir, sem eru engu líkir. Hver diskur er í raun listaverk. Jóladiskarnir hafa fengist hjá Gegnum glerið í 24 ár. Fjöldi fólks safnar þeim og við eigum til jóladiska frá fyrri árum ef einhvern skyldi vanta í safnið," segir Elsa.

Fyrir stuttu bættist síðan ítalska vörumerkið Merpa við úrvalið hjá Gegnum glerið. „Það er með ítölsk hnífapör, potta og pönnur. Þetta eru pottar með granít-húð og pönnur sem eru viðloðunarfríar og endast tíu sinnum lengur en teflonhúðaðar vörur. Það má nota stáláhöld á pottana og pönnurnar, skella þeim í ofninn og þvo í uppþvottavél. Við höfum verið með þessar vörur í ár og þær eru svo vinsælar að þær eru að seljast upp núna fyrir jólin," upplýsir Elsa.

„Við getum boðið viðskiptavinum okkar vörur á góðu verði því við kaupum allt beint af framleiðendum. Við erum með útsölu einu sinni á ári, í október. Þá sendum við út tölvupóst og öllum er velkomið að vera á póstlistanum okkar. Við söfnum bara í þessa einu útsölu og höfum hana almennilega og bjóðum allt að 90% afslátt. Þess á milli, þegar við erum með tilboð, tilkynnum við það á Facebook-síðu búðarinnar."

Í sama húsi og Gegnum glerið er verslunin Duxiana, sem er einnig í eigu Elsu og Rúnars, og er opið á milli verslananna. „Í Duxiana erum við með sænsku Dux rúmin, sloppa, handklæði og sængurföt frá Georg Jensen Damask og sængurföt frá Gant. Þau eru úr egypskri bómull og eru mjög vinsæl til jólagjafa."

Þá nefnir Elsa að hjá Gegnum glerið fáist innréttingar frá ítalska framleiðandanum Molteni. „Við vinnum náið með arkitektum og hönnuðum við að innrétta heilu húsin. Við sjáum um uppsetningu og frágang. Frá Molteni, sem er hágæðafyrirtæki, fást eldhúsinnréttingar, fataskápar, vegginnréttingar, bókaskápar og allt fyrir fataherbergið," segir Elsa að lokum.

Gegnum glerið er við Ármúla 10. Nánari upplýsingar fást á Facebook-síðu Gegnum glerið, facebook.com/gegnumglerid

Þessi gæða rúmföt frá ítalska merkinu Quagliotti eru gerð úr 600 þráða satíni. MYND/RÚMFÖT.IS

Bestu rúmfötin koma frá Ítalíu. Þau hafa eiginleika sem Björn hefur ekki fundið hjá neinum öðrum framleiðendum. Hægt er að kynna sér úrvalið á www.rumfot.is. MYND/RÚMFÖT.IS

Rúmföt.is sérhæfir sig í hágæða rúmfötum úr allra flottustu damask- og satínefnum sem til eru. MYND/EYÞÓR

Góð rúmföt eru aðeins dýrari, en þau endast líka lengur og eru einstaklega þægileg. MYND/EYÞÓR

Ítölsk gæði tryggja góðan svefn

Hjá Rúmföt.is er hægt að fá hágæða rúmföt úr fínustu efnum sem til eru. Góð rúmföt geta bætt svefngæði og við eyðum stórum hluta ævinnar í rúminu, svo það er full ástæða til að vanda valið.

Við eyðum einum þriðja hluta ævinnar í rúminu. Það eru ansi margir klukkutímar. Hvers vegna ættum við ekki að vilja láta okkur líða sem best þann tíma?“ segir Björn Heiðdal, verslunarstjóri Rúmföt.is.

„Lykillinn að góðum svefni, fyrir utan gott rúm og sæmilega heilsu, eru rúmfötin,“ segir Björn. „Margir átta sig kannski ekki á því, en það getur bætt svefngæðin verulega að sofa í mjúkum og hreinum rúmfötum.“

Bjóða upp á einstök gæði

„Það er vissulega hægt að kaupa sæmileg rúmföt víða á Íslandi, en líkurnar á að finna hágæða lúxus rúmföt í næstu verslun eru nánast engar,“ segir Björn. „Rúmföt.is er ný rúmfataverslun sem sérhæfir sig í hágæða rúmfötum úr allra dýrustu og flottustu damask- og satínefnum sem til eru.

Ég elska að gleðja fólk og selja góð rúmföt. Að sama skapi þoli ég ekki rúmföt úr lélegum efnum,“ segir Björn. „Bestu rúmfötin mín koma frá Ítalíu. Það er eitthvað alveg sérstakt við þessi ítölsku rúmföt sem ég hef ekki fundið hjá neinum öðrum framleiðendum. Vissulega eru rúmfötin aðeins dýrari en önnur, en þau endast líka lengur og þú færð varla þægilegri rúmföt til að sofa í.

Við seljum m.a. rúmföt frá ítalska fyrirtækinu Quagliotti, en það er lítið fjölskyldufyrirtæki úr nágrenni Torínó sem var stofnað árið 1933 af Vincenzo Quagliotti,“ segir Björn. „Fyrirtækið sérhæfir sig í hágæða rúmfötum fyrir fimm stjörnu lúxushótel og aðra vandláta viðskiptavini. Aðeins sérvalin langþráða bómull frá Egyptalandi eða Perú er notuð til að búa til þessi silkimjúku gæðarúmföt.

Mottó búðarinnar er; bara það besta er nógu gott. Ég spyr aldrei hvað er ódýrast þegar ég tala við framleiðendur, bara hvað er best,“ segir Björn. „Ég lækka frekar álagninguna en að slá af gæðunum.“

Afmælistilboð fyrir jól

„Nú er búðin tveggja mánaða gömul og viðtökurnar hafa farið fram úr björtustu vonum,“ segir Björn. „Af því tilefni hef ég ákveðið að selja Quagliotti rúmföt með 10% afslætti fram til jóla og láta kassa af ítölsku verðlaunakonfekti, sem er besta súkkulaði sem ég hef smakkað, fylgja með. Við hvetjum fólk til að kíkja til okkar og fá sér alvöru lúxus rúmföt til að sofa sérlega vel um jólin.“

Rúmföt.is er opin milli 12-18 virka daga og 11-15 laugardaga. Sími: 565 1025, www.rumfot.is.

Björn Heiðdal, verslunarstjóri Rúmföt.is, segir að góð rúmföt geti bætt svefngæði verulega. MYND/EYÞÓR

Nítjándu aldar piparkökur

Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko er einstaklega vinsæl meðal samstarfsfólks síns á Borgarspítalanum á aðventunni enda býður hún upp á sögulegar smákökur.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

Þessar kökur heita Norskar piparkökur á mínu heimili en þær hef ég bakað allan minn búskap," segir Elín sem starfar sem skrifstofustjóri svæfinga- og gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi. Alla aðventuna býður hún upp á heimabakaðar piparkökur á skrifstofunni sinni og fær óvenju margar heimsóknir enda renna smákökurnar út. „Ég er búin að baka tvær porsjónir fyrir þessi jól en yfirleitt baka ég kökurnar tvisvar til þrisvar á aðventunni."

Piparkökurnar hefur Elín bakað allan sinn búskap en þær eiga sér heillanga sögu. „Mamma bakaði þessar kökur allan sinn búskap og hún fékk þessa uppskrift frá Sigríði vinkonu sinni sem var mun eldri en hún, fædd 1916. Sigríður aftur á móti fékk uppskriftina frá norskri tengdamóður sinni sem var fædd á nítjándu öld og því má segja að þetta séu nítjándu aldar piparkökur," lýsir Elín glaðlega. En er einhver munur á þessum piparkökum og öðrum? „Þessar eru bakaðar eins og spesíur. Þær eru ekki flattar út og málaðar heldur hnoðaðar, rúllaðar upp í pylsur, kældar og sneiddar niður."

Piparkökurnar góðu hvíla í jólasveinakörfu sem margir samstarfsfélagar Elínar eru farnir að þekkja vel.

Norskar piparkökur

500 g hveiti
250 g sykur
250 g smjör
1 egg
1 msk. síróp
3 tsk. natron
2 tsk. kanill
½ tsk. pipar

Allt hnoðað vel saman og svo rúllað upp og kælt í a.m.k. klukkutíma. Skorið í þunnar sneiðar og bakað við 200°C í u.þ.b. 15 mín.

Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko býður vinnufélögum sem líta við á skrifstofunni hennar upp á ljómandi góðar piparkökur. MYND/SIGTRYGGUR ARI

„Sem nautnaseggur er ég voðalega duglegur að leyfa mér ýmislegt í tengslum við mat og drykk, hvort sem er á aðventunni eða þar fyrir utan," segir Ragnar Freyr Ingvarsson, læknirinn í eldhúsinu.

Tími hefða og nostalgíu

Ragnar Freyr Ingvarsson læknir hefur haldið úti matarbloggsinu Læknirinn í eldhúsinu (laeknirinnieldhusinu.com) í rúm tólf ár auk þess sem hann hefur gefið út matreiðslubækur og stýrt eigin matreiðsluþáttum.

Hvenær sóttir þú fyrsta jólahlaðborðið?

Ætli það hafi ekki verið fyrir um 20 árum þegar ég var enn læknanemi. Ég fór með eiginkonu minni og kollega mínum og eiginkonu hans. Þetta var eftirminnileg kvöldstund bæði fyrir þær sakir að maturinn var algerlega ljúffengur og líka vegna þess að ég borðaði mig næstum til ólífis. Næsta ár fór ég svo á jólahlaðborð með sama félagsskap en þá á Hótel Óðinsvé þar sem Siggi Hall réð ríkjum. Mig minnir að þar hafi verið danskt þema sem var einkar vel heppnað. Ég man eftir því að hafa lært af reynslu fyrra árs og fór aðeins rólegar í sakirnar. Það var glæsilegt borð sem hann bauð upp á, allt frá purusteik til andarsteikur, mjög ljúffengt. Heita lifrarkæfan með sveppum og beikoni kom mér einna helst á óvart.

Sækir þú jólahlaðborð árlega?

Ekki árlega en kannski annað hvert ár. Ég bjó lengi erlendis og hef prófað þó nokkra staði og tegundir hlaðborða þar. Í ár prófaði ég jólahlaðborðið hjá Úlfari Finnbjörnssyni á Grand Hóteli. Hann er magnaður kokkur og ég á vel flestar bækurnar hans.

Hvaða jólamatur er bestur?

Jólin eru tími hefða og nostalgíu. Ég hef aldrei náð neinu sambandi við að prófa eitthvað nýtt á til dæmis aðfangadag eða jóladag. Þar er haldið í hefðirnar. Ég vil graflax og hamborgarhrygg á aðfangadag og kalkún með öllu tilheyrandi á jóladag. Á gamlársdag má vera með eitthvað flipperí!

Leyfir þú þér eitthvað sérstakt um jólin?

Sem nautnaseggur er ég voðalega duglegur að leyfa mér ýmislegt í tengslum við mat og drykk, hvort sem er á aðventunni eða þar fyrir utan. En það verður að viðurkennast að það er aðeins gefið í um hátíðirnar.

Hvernig hefur aðventan verið hingað til?

Ég hef reynt að slaka á og passa upp á að vera ekki með neitt jólastress. Ég hef því reynt að einbeita mér að því að vera heima um aðventuna í faðmi fjölskyldunnar.

Í VEIÐIJÓLAPAKKANN

19 20 18 98

GERÐU GÓÐ KAUP – GAMLA GENGIÐ ENN Í GILDI

sage FLUGUSTANGIIR

SAGE Bandarískar flugustangir frá aðeins frá 44.995 kr.

sage FLUGUHJÓL

Verð frá aðeins 18.995 kr.

sage FLUGUVEIÐISETT

Verð frá aðeins 79.900 kr.

SIMMS VEIÐIVESTI

SIMMS Freestone 15.995 kr.

SIMMS Guide™ 26.995 kr.

SIMMS G3 Guide™ 38.995 kr.

SIMMS HANSKAR OG DERHÚFUR

Verð frá aðeins 3.995 kr.

Verð frá aðeins 2.995 kr.

SIMMS VEIÐI- OG FERÐATÖSKUR

Mikið úrval af vönduðum veiði- og veiðiferðatöskum fyrir vandaðan veiðibúnað.

SIMMS VÖÐLUR OG SKÓR

SIMMS G3 Guide™ 89.900 kr.

SIMMS G4 PRO™ 109.900 kr.

SIMMS Freestone Vöðlur + skór Verð aðeins 59.900 kr.

SIMMS vöðluskór Verð frá 24.995 kr.

REDINGTON FLUGUVEIÐISETT

Verð frá aðeins 22.900 kr.

LEUPOLD SJÓNAUKAR

Mikið úrval, verð frá 18.995 kr.

SKOTABELTI Verð frá 4.995 kr.

SIMMS VÖÐLUJAKKAR

SIMMS Freestone 44.995 kr.

SIMMS G3 Guide™ Tactical 74.995 kr.

SIMMS Women's Guide™ 49.995 kr.

SIMMS Guide™ 59.995 kr.

SIMMS G4 PRO™ 84.995 kr.

REDINGTON VÖÐLUPAKKAR

CROSSWATER YOUTH Vöðlur + skór 22.995 kr.

CROSSWATER Vöðlur + skór 26.995 kr.

PALIX Vöðlur + skór 32.995 kr.

WILLOW RIVER Dúnuvöðlur + skór 32.995 kr.

FELUFATNAÐUR

DEERHUNTER Muflon skotveiðibuxur. Verð 29.995 kr.

DEERHUNTER Muflon skotveiðijakki. Verð 38.995 kr.

BADLANDS Calor skotveiðijakki. Verð 26.995 kr.

BADLANDS Calor skotveiðibuxur. Verð 26.995 kr.

REMINGTON Hreinsisett Verð 4.995 kr.

BADLANDS Vönduð rjúpnavesti. Verð 29.995 kr.

ALLEN Skotatöskur Verð frá 3.995 kr.

MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN

TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998

VEIÐIHORNIÐ

SÍÐUMÚLA 8
108 REYKJAVÍK
SÍMI 568 8410
VEIDIHORNID.IS

sage SIMMS REDINGTON RIO Sinarsson fly fishing R.L. Winston Rod Co. TFO LEUPOLD Deerhunter Badlands Remington AVERY

Hress um jólin

Á jólunum eigum við það til að stinga okur á bólakaf í lífsins lystisemdir en best er að ganga hægt um gleðinnar dyr. Það er vel hægt að njóta jólanna án þess að gjalda fyrir það í heilsufari og mittismáli.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Komdu þér á fætur

Júú, það verður alls konar skemmtilegt í sjónvarpinu og þessar jólabækur lesa sig ekki sjálfar en þú þarft nauðsynlega að koma þér og þínum út undir bert loft að minnsta kosti einu sinni á dag yfir hátíðarnar. Engin ástæða til að fara í margra tíma fjallgöngu nema það sé það sem þig langar, það er til dæmis hægt að fara út á tún eða á leikvöllinn í nágrenninu

Kjörið er að fara út á leikvöll með heitt kakó og nesti og halda jólaboð. Og ef það vantar gesti má alltaf búa þá til.

IÐA-bókakaffi Vesturgata 2a 101 Rvk.
opið til 22 alla daga.

20% AFSLÁTTUR
AF YFIRHÖFNUM
Í JÓLAPAKKANN HENNAR

Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

með útileikfang eins og frisbídisk eða fötu og skóflu ef það er góður snjór og leika sér aðeins. Jólaandinn er nefnilega líka súrefni.

Farðu varlega í veisluna.

Rannsóknir sýna að meðalmaður í Bretlandi borðar um 3.000 hitaeiningar í einni máltíð á jóladag sem er rúmlega ráðlagður dagskammtur af hitaeiningum! Svo mikil neysla á stuttum tíma veldur miklu álagi á líkamann og getur leitt af sér bæði meltingartruflanir og brjóstsviða og einnig mun alvarlegri kvilla eins og blóðþrýstings- og hjartavandamál, einkum ef maturinn er mjög feitur og saltur. Eins og alltaf er hófið best í hófinu, alveg ástæðulaust að vera í einhverri megrun en jafnástæðulaust að troða sig út svo verkjar undan. Gott ráð er að fá sér einu sinni á diskinn, borða rólega og njóta og taka þér svo tuttugu mínútur til að athuga hvort þig langar raunverulega í meira en það er tíminn sem það tekur skilaboð að berast frá maga og upp í heila. Ef þig langar í meira er engin ástæða til að örvænta: á jólunum er alltaf nóg til frammi.

Varastu veirurnar

Það er fátt fúlla en að vera með pest á jólunum. Gerðu varúðarráðstafanir með því að borða hollan mat fyrir jól, setja höfuðið til hliðar þegar þú faðmar fólk svo þú fáir ekki bakteríurnar þess beint í öndunarfærin og ástunda handþvott. Svo er líka ráð að styrkja ónæmiskerfið með því að borða hollan mat, taka vítamínin þín og ástunda heilbrigt líferni eftir föngum á jólaföstunni.

Melónur og vínber fín

Eitt það besta sem hægt er að gera á jólunum er að muna eftir ávöxtunum. Með því að grípa einu sinni epli eða mandarínu í staðinn fyrir smákökku númer 140 -142 kemurðu meltingunni í betra lag og færð trefjar, vítamín og steinefni. (Og, nei, súkkulaði er hvorki ávöxtur né grænmeti.)

Ávextir og ber eru nauðsynlegur hluti af jólamataræðinu og hér má til dæmis sjá góða aðferð til að jóla það upp og gleðja yngstu kynslóðina.

Reynið eftir megni að forðast þessar aðstæður dagana fyrir jól svo flensan verði ekki jólagesturinn ykkar.

Jólaspil eru góður og gegn siður á mörgum heimilum enda bæði góð fyrir andlega og félagslega velliðan sem er mikilvægt að huga að á jólunum.

Beittu huganum

Í staðinn fyrir að slökkva á þér fyrir framan sjónvarpið, notaðu hugann með því að fara í leiki eða spila spil eins og Trivial Pursuit eða Kröflu. Það er alltaf einhver sem vill spila í fjölskyldujólaboðinu og þú getur líka boðið einhverjum skemmtilegum í spil milli jóla og nýárs. Ef þér finnst leiðinlegt að spila er ágætt að nýta hugarorkuna í að setja saman leikföng eða tæki sem komu upp úr jólapökkunum eða kryfja lífið og tilveruna með góðum vini eða vinkonu. Og umfram allt, njóttu hátíðanna með hjartanu!

Sígild listaverk í nýjum og stórglæsilegum búningi

Íslendingasögurnar eru mikilsverðasta framlag Íslendinga til heimsbókmenntanna en þó fyrst og fremst skemmtilegar bókmenntir. Nýlega kom út ný og glæsileg heildarútgáfa Íslendingasagna og Íslendingaþátta í fimm bindum í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands.

Íslendingasögurnar eru fyrst og fremst frábærar og skemmtilegar bókmenntir, segir Jóhann Sigurðsson, útgefandi hjá Sögu forlagi, sem gaf nýlega út nýja og glæsilega heildarútgáfu Íslendingasagna. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Hjá Sögu forlagi er komin út ný og glæsileg heildarútgáfa Íslendingasagna og Íslendingaþátta í fimm bindum í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands. Forlagið hefur á undanförnum áratugum staðið fyrir heildarútgáfu sagnanna á fjórum tungumálum; ensku, norsku, dönsku og sænsku, sem hafa margfaldað útbreiðslu sagnanna og borið hróður þeirra víða um álfur segir Jóhann Sigurðsson, útgefandi hjá Sögu forlagi. „Að þessu átaki loknu þótti okkur tímabært og viðeigandi að sögurnar birtust nú í ferskum og aðlaðandi búningi fyrir nýjar kynslóðir lesenda hér á landi. Fullveldisafmælið var kærkomið tilefni til að hrinda því áformi í framkvæmd, enda gegndu Íslendingasögur lykilhlutverki í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar."

Heimsbókmenntir

Að sögn Jóhanns má hiklaust telja Íslendingasögurnar mikilsverðasta framlag Íslendinga til heimsbókmenntanna enda er þeim iðulega jafnað til hátinda í sögu vestrænna bókmennta á borð kviður Hómers, gríska harmleiki og leikrit Shakespeares. „Jafnt fræðimenn og stórskáld um allan heim hafa valið þeim sín dýrustu orð, þær eru sígild listaverk sem virðast alltaf eiga erindi við samtímann."

Sagnasjóður

En mestu skiptir þó að Íslendingasögur eru fyrst og fremst frábærar og skemmtilegar bókmenntir, segir Jóhann. „Þær minna að ýmsu leyti á sögulegar skáldsögur samtímans; í þeim túlka afkomendur landnámsmanna fortíð sína og uppruna, hetjusögur og goðsagnir. Sögurnar lýsa atburðum sem hafa gerst eða hefðu getað gerst og gera þannig tilkall til þess að vera teknar trúanlegar, þótt sagnasmiðir yrki vitaskuld í eyður og sviðsetji atburði og samtöl. Frásögnin er látlaus á ytra borði og virðist laus við málskrúð, sögumaður hefur sig lítt í frammi en lýsir því sem fyrir augu og eyru ber og skyggnist lítt í hugskot persónanna. Það er helst að hetjurnar opinberi hugsanir sínar og tilfinningar þegar þær kasta fram vísum. Snilli þeirra sem færðu sögurnar í letur kemur ekki síst fram í látlausum og ljósum stíl, ógleymanlegum mannlýsingum og meitluðum tilsvörum sögupersóna, þar sem kaldranaleg gamansemi sagnanna nýtur sín hvað best."

Fyrrverandi forseti Íslands frú Vigdís Finnbogadóttir er verndari útgáfunnar. Myndin var tekin á útgáfuathöfn í Alþingishúsinu 17. júní síðastliðinn.

Frú Vigdís Finnbogadóttir og Guðni Th. Jóhannesson forseti við útgáfuathöfn í Alþingishúsinu.

> Jafnt fræðimenn og stórskáld um allan heim hafa valið þeim sín dýrustu orð, þær eru sígild listaverk sem virðast alltaf eiga erindi við samtímann.

Mögnuð landkynning

Svo má ekki gleyma að sögurnar tryggja okkur líka efnahagslegan ávinning með því að laða til landsins tugþúsundir ferðamanna ár hvert. „Áhugi ferðamanna á söguslóðum Íslendingasagna hefur stóraukist á undanförnum árum og áratugum, og þeir geta nú sótt sér fræðslu og leiðsögn víða um land. Að auki gegna Íslendingasögur mikilvægu hlutverki í baráttunni fyrir varðveislu og viðgangi íslenskrar tungu, lestur þeirra auðgar orðaforða og styrkir málvitund."

Fjölbreytt ítarefni og skýringar

Ritstjórar nýju útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson, en þeir fjórir síðastnefndu ritstýrðu einnig útgáfu Íslendingasagna sem kom út 1987. „Sögurnar eru prentaðar á nútímastafsetningu og mikil rækt lögð við ýmiss konar skýringarefni til að greiða lesendum leið um sagnaheiminn. Rækilegar skýringar fylgja öllum vísum sem koma fyrir í sögum og þáttum, en þær eru hátt á sjötta hundrað, og í formálum er ljósi varpað á helstu einkenni sagnanna, flokkun þeirra og samfélagið sem þær eru sprottnar úr. Þá er þar einnig að finna svonefndan sagnalykil þar sem tekin eru saman efnisatriði sem koma fyrir í mörgum sögum. Loks má nefna að útgáfuna prýða 40 myndverk eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund, þar sem hún leitar fanga í norrænum myndlistararfi víkingaaldar og miðalda." Vert er að geta þess að nú stendur yfir sýning á verkum Karin Birgitte Lund í Veröld – húsi Vigdísar sem Vigdís Finnbogadóttir og Margrét II Danadrottning opnuðu formlega 1. desember síðastliðinn. Sýningin er opin almenningi til 5. febrúar 2019.

Nánari upplýsingar má finna á hjá Saga forlag – vinland@centrum.is, símar 893 7719 og 562 7950.

Uppáhald eftirréttakokksins

Eftirréttakokkurinn Sylvía Haukdal Brynjarsdóttir er alin upp við blúndukökur og gerir þær alltaf fyrir jólin. Meðfylgjandi desert hefur vakið mikla lukku í fjölskyldunni að undanförnu.

Vera Einarsdóttir
vera@frettabladid.is

Sylvía Haukdal Brynjarsdóttir er útskrifaður „pastry chef“ eða eftirréttakokkur frá Le Cordon Bleu í London og starfar hjá kökugerðinni Sætum syndum. Hún hefur unun af bakstri og deilir því helsta sem hún tekur sér fyrir hendur með fylgjendum sínum á Instagram undir heitinu sylviahaukdal. Sömuleiðis á Ynjur.is, þar sem hún heldur úti fjölbreyttu lífsstílsbloggi. Sylvía er alin upp á Húsavík og gerir alltaf blúndur fyrir jólin. „Þetta eru þingeyskar kökur sem fáir kannast við hérna fyrir sunnan en mér finnst algerlega ómissandi.“ Desertinn hefur Sylvía gert nokkrum sinnum og hefur hann alltaf vakið mikla lukku, nú síðast í afmæli bróður hennar fyrir viku. Hann verður á boðstólum hjá henni á gamlárskvöld. Hann er bæði hægt að gera í mörg lítil form eða eitt stærra.

Jóladraumur Sylvíu

Pekanhnetu brownie-botn

- 300 g dökkt súkkulaði
- 3 egg
- 290 g púðusykur
- 85 g hveiti
- 1½ tsk. lyftiduft
- ½ tsk. salt
- 210 g smjör, brætt
- 200 g pekanhnetur (gott að rista þær fyrst á pönnu í nokkrar mín.)

1. Bræðið helming (150 g) af súkkulaðinu yfir vatnsbaði. Saxið hinn helminginn niður.
2. Þeytið egg, vanilludropa og púðursykur saman þar til blandan verður létt og ljós.
3. Hrærið hveiti og lyftidufti varlega saman við eggjablönduna og síðan bræddu súkkulaðinu og smjörinu.
4. Að lokum er saxaða súkkulaðinu og pekanhnetunum hrært saman við.
5. Bakað við 175°C í 20-25 mín.

Súkkulaðimús

- 100 ml rjómi
- 55 g sykur
- 4 stk. eggjarauður
- 220 g dökkt súkkulaði
- 400 ml rjómi

1. Sykurinn settur í pott og látinn leysast upp. Þegar hann er að verða brúnn er 100 ml af rjóma hrært smátt og smátt saman við.
2. Næst er eggjarauðum bætt út í.
3. Blöndunni er síðan hellt yfir súkkulaðið og látið bíða í smá stund. Síðan er blöndunni hrært saman og hún látin bíða þar til hún hefur kólnað niður í 30-32°C.
4. 400 ml rjómi, léttþeyttur. Súkkulaðiblöndunni hrært varlega saman við.

Hvít súkkulaðimús

- 120 ml nýmjólk
- 1 tsk. vanilludropar
- 3 stk. matarlímsblöð
- 300 g hvítt súkkulaði
- 400 ml rjómi

Að mati Sylvíu, sem er frá Húsavík, eru blúndukökur ómissandi á aðventunni.

Þennan glæsilega eftirrétt má ýmist gera í mörg lítil form eða eitt stórt.

Nýmjólk og vanilludropar hitað upp að suðu og látið bíða í 1-2 mínútur. Á meðan fara matarlímsblöðin í bleyti í kalt vatni og er síðan hrært saman við mjólkina.

Hér er Sylvía ásamt yngri dóttur sinni Marín Helgu Haukdal en þær mæðgur eru eins og sjá má komnar í mikið jólaskap. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hvítt súkkulaði brætt yfir vatnsbaði og hrært saman við mjólkurblönduna. Rjóminn er léttþeyttur og blandað varlega saman við súkkulaðiblönduna.

Rautt mirror glaze

- 400 ml niðursoðin sæt mjólk
- 14 stk. matarlímsblöð
- 300 g sykur
- 300 ml vatn
- 740 g hvítt súkkulaði
- Matarlitur

1. Matarlímsblöðin sett í bleyti.
2. Mjólkin, vatnið og sykurinn látið sjóða í 1 mínútu og tekið til hliðar í 4-5 mínútur. Síðan er matarlíminu hrært saman við þar til það leysist upp.
3. Blöndunni er hellt yfir súkkulaðið og látið standa í smá stund.
4. Súkkulaðiblandan hrærð saman með töfrasprota. Matarlit hellt saman við. Passa að hafa hann ekki of ofarlega svo það myndist ekki loftbólur. Gott er að sigta blönduna 1-2 sinnum til að losna alveg við loftbólur.
5. Blandan er látin standa þar til hún kólnar niður í um 35 gráður.

Samsetning:

Litlir hringir stungnir út úr brownie-botninum eða einn stór ef á að gera stærri köku/desert. Hafið hringina aðeins minni en formið sem nota á í desertinn. Næst er kökuplast sett inn í formin sem á að nota og þeim komið fyrir á plötu með bökunarpappír neðst. Fyrst er hvítri súkkulaðimús hellt í formin, svo fer dökka súkkulaðimúsin í og að lokum brownie botninn. Næst eru formin sett í frysti í allavega 4-5 klukkustundir. Best er að leyfa þeim að vera yfir nótt. Gott er að útbúa glaze-ið áður en formin eru tekin úr frysti.

Desertinn er tekinn úr formunum settur á grind með ofnskúffu undir. Látið Brownie-botninn snúa niður. Glaze-inu er hellt yfir músina og strokið yfir með pallettuhníf. Svo er desertinn færður yfir á disk/fat og skreyttur eftir smekk.

Blúndur

- 200 g smjör, brætt
- 200 g haframjöl
- 300 g sykur
- 2 stk. egg
- 2 msk. hveiti
- 2 tsk. lyftiduft
- Rjómi
- Súkkulaðihjúpur

1. Bræddu smjörinu hellt yfir haframjölið og látið standa.
2. Egg og sykur þeytt þar til verður létt og ljóst.
3. Hveiti og lyftidufti blandað saman við eggjablönduna og síðan er haframjölinu varlega hrært saman við.
4. Sett á plötu með bökunarpappír um 1 tsk. Best er að nota sprautupoka en vel hægt að nota teskeið.
5. Kökurnar eru bakaðar við 200°C í 5-7 mínútur. Það þarf að fylgjast vel með kökunum því um leið og kantarnir verða brúnir þarf að taka þær úr ofninum.
6. Kökurnar eru látnar standa á plötunni í smá stund og svo teknar af með spaða. Þeim er svo raðað tveimur og tveimur saman.
7. Súkkulaðihjúpur bræddur yfir vatnsbaði. Honum er sprautað smekklega yfir aðra kökuna.
8. Rjómi þeyttur og settur á milli.
9. Kökurnar eru geymdar í frysti og teknar út nokkrum mínútum áður en á að bera þær fram.

ALLAR VÖRUR FÁST EINNIG Á
www.smartboutique.is

Kringlan, 1. hæð, sími 551 1040

Smart Boutique

Kringlan • www.smartboutique.is

SENDUM FRÍTT
Á NÆSTA PÓSTHÚS NÆRRI ÞÉR

Við erum flutt í stærstu og bestu verslunarmiðstöðina á Íslandi

Kringlan

Falleg Alaska gerfifeldshúfa
og vandaðir leðurhanskar

Jólatilboð 11.900 kr.

Fyrir herra og dömur
Margir litir í boði

Herra trefill og leðurhanskar.
Jólagjöf sem slær alltaf í gegn

Jólatilboð 5.900 kr.

Margir litir í boði
Þetta tilboð seldist upp í fyrra !

Skinn kragar í miklu úrvali
Gervi eða ekta þitt er valið

Verð frá 4.900 kr.

Falleg pasmina og leðurhanskar í stíl
Óteljandi litir í boði

Jólatilboð 5.900 kr.

Refaskott og leðurhanskar
Margir litir í boði

Jólatilboð
13.900 kr.

Frábærar ferðatöskur á verði sem ekki hefur sést áður.

Fullt verð fyrir 4 vandaðar töskur 51.600.

Kynningartilboð 36.900 kr. Örfá sett eftir!

Hvergi meira úrval af dömuhönskum
Yfir 120 litir í boði

Frá 4.590 kr.
parið

Mikið úrval af herrahönskum

Frá 4.590 kr.
parið

Leðurhanskar með íslensku roði hannaðir af Smart boutique.

Frá 9.900 kr.
parið

Ásdís Halla Bragadóttir er ein þeirra rithöfunda sem lesa upp á Borgarbókasafninu í Grófinni í dag.

Konur um konur

Ævi og örlög íslenskra kvenna eru umfjöllunarefni bóka þeirra fjögurra kvenna sem lesa úr verkum sínum í Borgarbókasafninu í dag klukkan hálf fimm.

Á upplestrinum lesa höfundar úr eftirfarandi verkum:

Anna Ragna Fossberg Jóhönnudóttir les úr bókinni Auðnu þar sem hún segir sögu þriggja systra og byggir á sannsögulegum atburðum úr fjölskyldu sinni.

Ásdís Halla Bragadóttir les úr bókinni Hornauga þar sem hún segir frá leit sinni að uppruna sínum og hvernig hún í kjölfarið kynntist sögum stórmerkilegra kvenna sem höfðu ýmsu áorkað en jafnframt misstigið sig illa og verið litnar hornauga.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir les úr bókinni Amma – draumar í lit þar sem hún sýnir í svipmyndum lífshlaup ömmu sinnar, Hólmfríðar Sigurðardóttur frá Raufarhöfn, sem varð húsmóðir í Reykjavík um miðja síðustu öld og síðar kennari og skáld.

Margrét Blöndal les úr bókinni Vertu stillt! þar sem Henný Hermanns, fyrrverandi fyrirsæta og fegurðardrottning, segir sögu sína.

Upplesturinn er í samstarfi við Kvennasögusafn Íslands og fer fram í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

Rakel Adolphsdóttir, forstöðukona Kvennasögusafnsins, stýrir viðburðinum.

Píeta samtökin í minningargöngu

Píeta samtökin, sjálfsvígsforvarnarsamtök, standa fyrir vetrarsólstöðugöngu föstudaginn 21. desember. Gangan er haldin í minningu þeirra sem fallið hafa fyrir eigin hendi og hvatning til þeirra sem glíma við sjálfsvígshugsanir að gefast ekki upp heldur þiggja hjálp og velja lífið.

Hist er í húsnæði Kynnisferða við Klettagarða 12 en dagskráin hefst klukkan 20. Boðið er upp á heitt kakó og tónlistaratriði. Frú Eliza Reid ávarpar samkomuna og Mótorhjólaklúbburinn Toy Run afhendir Píeta samtökunum styrktarfé. Klukkan 20.45 verður gengið út að vitanum við Skarfaklett þar sem minningarstund er haldin, kveikt á kertum og skrifuð minningarorð um ástvini á minningarplötu.

Kanilkökur með trönuberja- og appelsínubragði

125 g smjör
125 g púðursykur
125 g gróft spelt eða rúgmjöl
125 g hveiti
3 tsk. kanill
40 g trönuber í örsmáum bitum
Rifinn börkur af einni appelsínu
1 egg
Skreytið með bræddu dökku súkkulaði og trönuberjum.

Skerið smjörið í litla teninga. Blandið öllu nema egginu saman við og vinnið smjörið saman við með fingrunum. Bætið egginu út í og hnoðið hratt saman. Búið til deigpylsu og geymið í kæli í klukkustund.

Skerið deigið því næst í þunnar sneiðar og raðið á bökunarplötu með bökunarpappír. Bakið í 10 mínútur við 185°C. Kælið á rist og setjið beint í loftþéttan kökudunk svo þær haldist stökkar. Hægt er að skreyta kökurnar með trönuberjum og bræddu súkkulaði ef vill eða bara njóta þeirra óskreyttra með góðu kaffi – eða tebolla.

Grófar og gómsætar kanilkökur sem bragðast vel með heitum drykkjum.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BÍLO.IS HÖFÐAHÖLLIN

HONDA CR-V EXCECUTIVE nýskr. 02/2008, ekinn 133 Þ.km, bensín, sjálfskiptur, leður, einn eigandi. Verð 1.390.000 kr. Raðnúmer 258884

KIA SPORTAGE EX nýskr. 03/2017, ekinn 58 Þ.km, dísel, sjálfskiptur. Flott eintak! TILBOÐSVERÐ 3.660.000 kr. Raðnúmer 258417

AUDI A3 E-TRON DESIGN nýskr. 06/2017, ekinn 23 Þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Talsvert af aukahlutum, glæsilegt eintak! Verð 4.190þkr. TILBOÐ 3.990.000 kr. Raðnúmer 258730

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

BÍLA GALLERÍ

PLUG IN HYBRID
BMW 530e Plug in hybrid, M sport ! Shadow line ! Árgerð 2018, ekinn aðeins 7 Þ.km, bensín og rafmagns, Sjálfsk, Leður, 19" M felgur, ofl ofl ! Tilboðsverð 6.990þ. Sjá Raðnr.102515. á www.bilagalleri.is

PLUG IN HYBRID 4X4
BMW 225 XE 4WD Plug in hybrid bensín og rafmagn ! M sport, Shadow line. Árgerð 2018, ekinn aðeins 4 Þ.km, Sjálfskiptur,Leður, 18" M felgur ofl. Tilboðs verð 4.990þ Sjá Raðnr.102514. á www.bilagalleri.is

Bílagallerí bílasala
Sími: 663-2430
www.bílagalleri.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Varahlutir

VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA
Sími: 567 6700 | vakahf.is

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar
Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46
Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is



Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN IN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR
Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994
Húsasmiður með mikla reynslu laus í verkefni / eða sem undirverktaki Upplýs.í 782 0040

Þjónusta

Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.
Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.
Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.
Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is

Veislur

CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

SKÖTUVEISLA
AÐ VENJU VERÐUM VIÐ MEÐ HIÐ MARGRÓMAÐA
VESTFIRSKA SKÖTUHLAÐBORÐ
Á ÞORLÁKSMESSU
FRÁ KL. 11.30 - 15.00 & 18.00 - 21.00

STÓRSKATA • SALTFISKUR • PLOKKFISKUR • RÓFUR • KARTÖFLUR
SÍLD • HAMSATÓLG • SMJÖR • HNOÐMÖR • RÚGBRAUÐ • KAFFI & KONFEKT

VERÐ 3.900 KR.
12 ÁRA OG YNGRI 1.900 KR.
FRÍTT
FYRIR 6 ÁRA OG YNGRI.
SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

Best geymda leyndarmál Kópavogs
WWW.CATALINA.IS

Tilboð

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Jólatilboð

Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir
Verð 7.000,-

Munið gjafabréfin okkar.

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Keypt & Selt

Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegi 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

6 MANNA SAUNA

Nýr Finnskur sauna klefi. TILBOÐ 550.000 (Langt undir kostnaðarverði) s. 698-6083

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

HÚSNÆÐI TIL LEIGU:

Laust 55 fm verslunarhúsnæði í Portinu Nýbýlavegi 8.

Laust allt að 700 fm verslunarhúsnæði að Nýbýlavegi 6.

Laust 140-280 fm atvinnuhúsnæði að Auðbrekku 3.

Nánar uppl. gretar@lundurfasteignir.is

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Útboð

ÚTBOÐ
Á RAMMASAMNINGI

Isavia auglýsir útboð á rammasamningi vegna ráðgjafar og hönnunar á flugbrautum og öðrum útisvæðum á flugvöllum landsins. Verkefni innan samnings snúa m.a. að hugmyndavinnu, þróun og tæknihönnun tengdum verkefnum Isavia á flugvöllum, t.d. flugbrauta, akbrauta, eftirlits og rafkerfa. Sjá nánar í útboðsgögnum sem finna má á útboðsvef Isavia, utbod.isavia.is.

isavia

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

1. **Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, Sogsvirkjanir, H20 og H22.**
Kynnt er skipulagslýsing vegna breytingar á svæðum Sogsvirkjana, merkt H20 og H22. Breytingin er gerð til að staðfesta núverandi landnotkun á svæðunum í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir Steimgríms-, Ljósafoss- og Írafossstöðvar.

2. **Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2008-2020, landbúnaðarsvæði í Efra-Langholti.**
Kynnt er skipulagslýsing vegna breytinga á nýtingu 10 ha spildu á skilgreindu landbúnaðarsvæði í Efra-Langholti, Hrunamannahreppi. Spildan liggur að skipulögðu frístundasvæði úr landi Efra-Langholts, Sunnuholti og Lindarseli, merkt F16. Breytingin felur í sér að spildunni verði breytt í frístundasvæði og þar með mynda samfellu með frístundasvæðinu merkt F16.

3. **Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2008-2020, Sandskarð L225806, Flúðum.**
Kynnt er skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á nýtingu lóðarinnar Sandskarði L225806, Flúðum. Lóðin er á skilgreindu land búnaðarsvæði (L5) en þó innan þéttbýlismarka Flúða. Í breytingunni felst að svæðinu verði breytt í íbúðabyggð og myndi þannig samfellu með skilgreindri íbúðabyggð við Vesturbrún (ÍB3) og að heimiluð verði sambærileg uppbygging þ.e. blönduð íbúðabyggð í einbýlishúsum og raðhúsum á einni hæð.

4. **Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2008-2020, Grafarbakki II spilda 1.**
Kynnt er skipulags- og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á nýtingu lóðarinnar Grafarbakki II spildu 1 í Hrunamannahreppi. Breytingin felur í sér að norðurhluti lóðarinnar, um 26.000m2, verði skilgreindur sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en lóðin er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

5. **Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2008-2020, Garðastígur 8B L208830, Flúðum.**
Kynnt er skipulags- og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á nýtingu á lóðinni Garðastígur 8B L208830 á Flúðum. Breytingin felur í sér að lóðin verði skilgreind sem íbúðabyggð en í núgildandi aðalskipulagi er hún á skilgreindu landbúnaðarsvæði.

6. **Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2008-2020, Hrafnkelsstaðir 2 lóð L216611, Flúðum.**
Kynnt er skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á nýtingu hluta lóðarinnar Hrafnkelsstaðir lóð 2 L21611 á Flúðum. Breytingin felur í sér að skilgreiningu hluta lóðarinnar, um 7000m2, verði breytt úr landbúnaðarlandi í íbúðabyggð.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

7. **Deiliskipulag fyrir Þingás L224358 og Efri-Gróf 5 L223471 úr landi Efri-Grófar í Flóahreppi.**
Kynnt er tillaga að deiliskipulagi fyrir tvær spildur úr landi Efri-Grófar í Flóahreppi, annars vegar Þingás L224358 sem er 10,42 ha og hins vegar Efri-Gróf 5 L223471 sem er 30 ha. Alls er gert ráð fyrir 5 byggingarreitum (B1-B5) á skipulagssvæðinu þar sem heimilað verður að byggja íbúðarhús með bílskúr auk hesthúss/skemmu en heildarbyggingarmagn verði leyfilegt samanlagt allt að 1.640m2.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

8. **Deiliskipulagsbreyting fyrir Hraunhóla L166567, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir blandaða íbúðar- og frístundabyggð í landi Hraunhóla L166567. Breytingin felur í sér að verið er að fjölga íbúðarhúsalóðum úr 4 í 10.

9. **Deiliskipulagsbreyting fyrir Brautarholt á Skeiðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Brautarholt á Skeiðum. Breytingin felur í sér ýmsar breytingar þ.á.m. breytingu á stærðum nokkurra lóða við Holtabraut og Vallarbraut svo og breytingu á byggingarformi á nokkrum lóðum. Einnig er breyting á byggingarreit á Malarbraut 2 sem er lengdur um 0,6m svo og breyting á veglínu Vallarbrautar til suðurs vegna stækkunar lóðarinnar Holtabraut 20.

10. **Deiliskipulagsbreyting fyrir Hestheima L165277, Flóahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Hestheima L165277 í Flóahreppi. Breytingin felur í sér að byggingarmagn á byggingarreit Í1 er aukið um 50m2, byggingarreitur Ú2 fyrir hesthús er færður til og sömuleiðis byggingarreitur fyrir gestahús á Þ3. Einnig er afmörkuð lóð fyrir íbúðarhús Í2.

11. **Deiliskipulagsbreyting fyrir Hverabraut 1 á Laugarvatni, Bláskógabyggð.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Hverabraut 1, Laugarvatni, en breytingin felur í sér að kvöð um aðgengi meðfram strönd Laugarvatns er felld niður innan lóðarinnar og mun stígurinn fara vestur fyrir Hverabraut 1 þar sem fyrirhugað er að opna ferðamannastaðinn út mót vatni.

12. **Deiliskipulagsbreyting fyrir Kjóastaði 1 land 2 L220934, Bláskógabyggð.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Kjóastaði 1 land 2 L220934, en breytingin felur í sér að bætt er við byggingarreit (B2) fyrir íbúðarhús á tveimur hæðum svo og skemmu sem mun hýsa hesthús og geymslu. Einnig er óskað eftir því að heiti lóðarinnar breytist og að hún fái heitið Skjól.

13. **Deiliskipulag fyrir Skálholt L167166, Bláskógabyggð.**
Auglýst er að nýju tillaga að deiliskipulagi fyrir Skálholtsjörðina ásamt umhverfisskýrslu og nær tillagan til allrar jarðarinnar sem er um 1.500 ha að stærð. Samkvæmt tillögunni eru m.a. afmarkaðir byggingarreitir fyrir byggingar tengdar Skálholtsskóla og vígslubiskupshúsi vegna þjónustu við ferðamenn auk endurskoðun lóða í Skálholtsbúðum. Þá er almennt hugað að skipulagi byggðar og búskaps, umhverfis, umferðar og gróðurs, bílastæði skilgreind og staðsetning Þorláksbúðar skoðuð. Einnig er afmarkað svæði fyrir skógrækt og endurheimt votlendis. Komið hefur verið á móts við athugasemdir sem bárust vegna fyrri auglýsingar sem birtist þann 18. apríl 2018.

14. **Breytin á deiliskipulagi Tjarnholtsmýrar úr landi Bjarnastaða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breyting á frístundhúsalóðum í land búnaðarlóðir.**
Auglýst er að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi 85 ha svæðis úr landi Bjarnastaða sem kallast Tjarnholtsmýri. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru 11 frístundahúsalóðir innan skipulagssvæðisins sem eru á bilinu um 2,5 ha til um 10 ha að stærð. Samkvæmt aðalskipulagi er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og með þessari breytingu er verið að breyta lóðunum til samræmis við það, þ.e. breyta lóðunum úr frístundahúsaloðum í landbúnaðarlóðir/smábýli. Í stað frístundahúss verður heimilt að byggja íbúðarhús, bílgeymslu/aðstöðuhús og hesthús. Breyting frá fyrri auglýsingu er að fækkað hefur verið vegtengingum í samræmi við athugasemd Vegagerðarinnar.

15. **Deiliskipulagsbreyting fyrir ferðaþjónustusvæði í landi Egilsstaði 1 L166331, Flóahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir ferðaþjónustusvæði í landi Egilsstaða 1 L166331, en breytingin felur í sér að felldur er úr gildi hluti gildandi skipulags þ.e. svæði merkt C og haldast svæði A og B óbreytt með tilheyrandi greinargerð og skilmálum en svæði C verður án deiliskipulags. Þar með falla niður þær heimildir og kvaðir sem felast kunna í deiliskipulagi svæðis C.

16. **Deiliskipulag fyrir íbúðarhúsalóð í landi Neistastaða, Flóahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir 6,86 ha landspildu úr landi Neistastaða í Flóahreppi þar sem gert er ráð fyrir núverandi íbúðarhúsi og bílskúr ásamt 6 gestahúsum, allt að 35m2 að stærð hvert, sem nota á vegna ferðaþjónustu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.utu.is.

Skipulagstillaga nr. 1 - 7 er í kynningu frá 19. desember 2018 til 9. janúar 2019 en tillögur nr. 8 - 16 frá 19. desember 2018 til 30. janúar.2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 1 - 7 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 9. janúar 2019 en 30. janúar 2019 fyrir tillögur nr. 8 - 16. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson
Skipulagsfulltrúi
runar@utu.is

Vónin er ólík Hampiðjunni að því leyti að fyrirtækið er ekki með eigin framleiðslu á efnum og er staðsett á landsvæðum þar sem Hampiðjan var ekki með starfsemi. Vónin rekur fjögur netaverkstæði á Grænlandi, er á fjórum stöðum í Noregi og með þrjú netaverkstæði í Færeyjum. Landfræðilega féllu fyrirtækin því vel saman og nú nýtir Vónin veiðarfæraefni sem Hampiðjan framleiðir í sífellt meiri mæli og sú samlegð eykst með hverju árinu."

Sinna þeim sem eru framarlega í tækni

Hvernig völduð þið löndin sem Hampiðjan starfaði í áður en Vónin var keypt?

„Við þekkjum vel markaðssvæðin. Við völdum lönd þar sem fiskveiðar henta okkar vörum. Við sinnum þeim sem eru framarlega í tækni og reka stærri og fullkomnari skip. Við beinum sjónum okkar að mörkuðum þar sem stundaðar eru veiðar með fullkomnustu veiðarfærum. Til að vaxa höfum við þrjá möguleika, að auka markaðshlutdeild á núverandi mörkuðum, stofna eigin fyrirtæki og það sem reynst hefur vel, að kaupa fyrirtæki í rekstri og sem eru með góða markaðshlutdeild. Hampiðjan getur oft bætt vöruúrval þeirra netaverkstæða sem eru keypt enda eru þau oft og tíðum lítil."

Hjörtur segir að ýmis tækifæri fylgi fyrirtækjunum sem Hampiðjan hefur keypt. Voot Beita einbeiti sér að beitu fyrir línuveiðar og fái þaðan meginhluta teknanna, en reki einnig Mar-Wear, sem þróar og framleiðir vinnuföt fyrir sjómenn. „Við erum með fjölda staðsetninga víða um heim þar sem hægt er að selja vörurnar og það er rétt að byrja. Fyrstu skrefin í þá átt hafa verið tekin og má sem dæmi nefna að vörurnar eru nú seldar í 22 verslunum á Nýfundnalandi og Nova Scotia í Kanada."

Seldi í HB Granda til að kaupa Vónin

Hvernig voru kaupin á Vónin fjármögnuð?

„Kaupin voru fjármögnuð að stórum hluta með sölu á 9,6 prósenta hlut í HB Granda. Það skipti máli fyrir Hampiðjuna að þurfa ekki að skuldsetja fyrirtækið mikið fyrir kaupunum og hugmyndin var því að fjármagna kaupin með þessum hætti. Árni heitinn Vilhjálmsson hafði ásamt Kristjáni Loftssyni forgöngu um að Hampiðjan, Hvalur, Fiskveiðihlutafélagið Venus og Sjóvá keyptu saman Bæjarútgerð Reykjavíkur sem síðan sameinaðist Ísbirninum og úr varð Grandi. Um 2004 sameinaðist útgerðin Haraldi Böðvarssyni á Akranesi og við bættist HB fyrir fram nafnið. Hampiðjan var stór hluthafi í upphafi en með sameiningum minnkaði hlutur fyrirtækisins í útgerðinni og samhliða bættu aðrir hluthafar við eign sína. Verðmæti hlutarins jókst svo með árunum og hefur síðan gert okkur kleift að tvöfalda stærð Hampiðjunnar."

Þú nefnir að þið vilduð ekki skuldsetja fyrirtækið við kaupin á Vónin. Eiginfjárhlutfallið var yfir 70 prósent en lækkaði í um 48 prósent við kaupin á færeyska félaginu. Er það stefna félagsins að hafa borð fyrir báru hvað þetta varðar? Þarf reksturinn að geta tekið á móti sveiflum?

„Við viljum gjarnan hafa eiginfjárhlutfallið yfir 40%. Það lækkaði töluvert niður við kaupin á Vónin en er komið aftur í kringum 51 prósent. Ástæðuna má rekja til þess að Vónin var öllu skuldsettari en Hampiðjan.

Það getur verið erfitt að hafa mikið lánsfjármagn þegar illa árar en Hampiðjan er komin í þá stöðu að vera um allan heim. Sjávarútvegur sveiflast upp og niður en með þessari miklu landfræðilegu dreifingu ásamt fjölbreyttara vöruúrvali, finnum við minna fyrir sveiflum en áður. Hampiðjan selur meðal annars mikið til fiskeldis. Þessi fjölbreytni í framleiðsluvörum og staðsetningum leiðir til þess að sveiflur í rekstri verða minni en annars væri."

Velta Hampiðjunnar
í milljónum evra



Hagnaður Hampiðjunnar
í milljónum evra



Heimild: Nasdaq OMX

Samþætta ekki vöruframboðið

Hvernig hefur gengið að samþætta reksturinn á Vónin og Hampiðjunni?

„Það hefur gengið afar vel. Eins og ég nefndi notar Vónin efni sem Hampiðjan Baltic í Litháen framleiðir. Fyrirtækin reka nú sameiginlegt netaverkstæði í Siauliai í Litháen, sem upphaflega tilheyrði Vónin, og er undirverktaki fyrir öll fyrirtæki Hampiðjusamstæðunnar. Sú starfsemi var í 4.000 fermetrum við kaupin en við byggðum við og stærðin er komin í 10.000 fermetra. Stækkunin var forsenda þess að hægt yrði að sameina netaverkstæði Vónarinnar og Hampiðjan Baltic á einum stað ásamt því að auka framleiðslu á fiskeldiskvíum. Nú starfa á sameinuðu netaverkstæði 170 starfsmenn.

Við höfum ekki samþætt vöruframboðið í togveiðarfærum því markaðir eru misjafnir. Hver markaður þarf sína útfærslu af trollum eftir aðstæðum því jafnvel sama fisktegund getur verið veidd við mismunandi aðstæður. Þannig er makríll veiddur við yfirborð hér við Ísland en á töluverðu dýpi annars staðar. Dótturfyrirtækin hafa því ætíð haldið sínum trollum og þau keppa innbyrðis. Þetta snýst um útfærslur og hönnun, efnisval og gæði. Vónin selur því töluvert til Íslands og Hampiðjan til Færeyja. Við viljum ekki eiga við það fyrirkomulag því þessi samkeppni er holl fyrir fyrirtækið og góð fyrir viðskiptavinina. Við viljum frekar samþætta í efnisframleiðslu og nýta stærðina til að ná hagkvæmari innkaupum á efnum og vörum til veiðarfæraframleiðslunnar."

Eflaust stærst í heimi

Hvað er Hampiðjan stór miðað við keppinauta erlendis?

„Við erum eflaust stærsti togveiðarfæraframleiðandi í heiminum. Okkar sérstaða er að við ráðum öllu framleiðsluferlinu allt frá því að kaupa inn plastkorn til að búa til þræði og þar til að við skilum frá okkur tæknilega fullkomnustu trollum sem völ er á í heiminum. Það getur verið erfitt að bera fyrirtæki saman á heimsvísu því verksvið þeirra er mjög mismunandi, sum framleiða bara efni og önnur einungis veiðarfæri. Starfsmenn Hampiðjunnar eru nú rúmlega eitt þúsund."

Hversu tæknilegar eru vörur Hampiðjunnar?

„Ég get hiklaust fullyrt að við framleiðum flóknustu og fullkomnustu kaðla í heiminum og enginn af okkar keppinautum myndi vefengja það. Við eigum á þriðja tug einkaleyfa sem tengjast bæði fiskveiðum og olíuiðnaði því við leggjum mikið upp úr því að vernda okkar vöruþróun. Við framleiðum DynIce Warp togtaugar sem notaðar eru í staðinn fyrir stálvír. Þær eru léttari en vatn og fljóta en hafa sama styrk miðað við þvermál og stálvír. Fyrir nokkrum árum þróuðum við höfuðlínukapal úr ofurefnum sem hefur meiri gagnaflutningsgetu en hefðbundnir stálkaplar og er þar að auki það léttur að hann svífur fyrir ofan trollopið og fælir þá ekki fisk frá.

Hefur starfað hjá Hampiðjunni frá útskrift

Hjörtur Erlendsson hefur starfað hjá Hampiðjunni frá árinu 1985 og tók við starfi forstjóra árið 2014. „Ég lærði vélstjórn í Vélskóla Íslands og byrjaði svo í véltæknifræði í Tækniskólanum sem nú er orðinn hluti af Háskólanum í Reykjavík. Áhuginn var þó á framleiðslu og lá leiðin því í framleiðslutæknifræði í Kaupmannahöfn. Að náminu loknu þótti okkur Guðrúnu konu minni áhugavert að snúa heim og ég fór nánast beint í atvinnuviðtal hjá Gunnari Svavarssyni, þáverandi forstjóra Hampiðjunnar. Hann ákvað sem betur fer að ráða mig og ég hef verið hér alla tíð síðan enda starfið síbreytilegt, krefjandi og mjög áhugavert. Fyrsta verkefnið sem mér var fengið í hendur var framleiðslustjórn yfir deild sem fléttaði garn fyrir netahnýtingu. Sú deild var flutt til Portúgal 1990 og ég tók þá við þráðadeildinni, kaðladeildinni og rannsóknarstofunni og síðar einnig við netahnýtingunni og vann mikið við vöruþróun.

Eftir aldamótin fór að verða erfitt að ráða hæft fólk til framleiðslustarfa og við höfum leit að hentugum staðsetningum fyrir framleiðslu-una erlendis, fyrst í Lettlandi en síðar í Litháen. Úr varð að við keyptum félagið Utzon, danskan nylonnetaframleiðanda, sem hafði glímt við sömu erfiðleika og Hampiðjan og hafði brugðist við með því að koma sér fyrir í Siauliai í norðurhluta Litháen.

Á þeim grunni stofnuðum við Hampiðjan Baltic 2003 og sameiningu framleiðslunnar á einn stað lauk 2006 með því að við fluttum garnframleiðsluna sem var þá í Portúgal til Litháen. Ég var síðan framkvæmdastjóri Hampiðjan Baltic frá stofnun og starfaði meira og minna í Litháen frá 2003 í um ellefu ár ásamt því að sinna vöruþróun og markaðsmálum í olíuiðnaðinum þar til ég tók við stöðu forstjóra vorið 2014."

Ég get hiklaust fullyrt að við framleiðum flóknustu og fullkomnustu kaðla í heiminum og enginn af okkar keppinautum myndi vefengja það.

Nú erum við að vinna að því að þróa höfuðlínukapal sem hefur mun meiri flutningsgetu bæði á myndum og merkjum frá trollinu. Kaðlarnir í flottrollin sem nefnast Helix eru mjög sérhæfðir og með einkaleyfisvernd því þeir eru þannig hannaðir að trollið þenst út þegar það er dregið og hljóð og titringur frá þeim neðansjávar er minna en í öðrum köðlum. Það eykur veiðihæfni trollsins því opnunin er meiri og hávaðinn frá því minni. Við höfum hannað undanfarin ár nýjar gerðir af netum bæði úr hefðbundnum efnum og ofurefnum sem minnka togmótstöðu og gera það kleift að stækka trollin þannig að þau veiði meira á togtíma."

Eitt af fyrstu á hlutabréfamarkað

Hampiðjan hefur lengi verið skráð á First North-hliðarmarkaðinn. Mun félagið einhvern tímann færa sig aftur á Aðalmarkað?

„Hampiðjan var á meðal fimm fyrstu fyrirtækjanna sem fengu hlutabréf sín skráð hjá nýstofnuðum Hlutabréfamarkaði hf. í nóvember árið 1985. Félagið fór síðan á Verðbréfaþing Íslands árið 1992 sem síðar varð Nasdaq OMX og á First North árið 2007. Ástæðan fyrir vistaskiptunum var að viðskipti með hlutabréf Hampiðjunnar voru lítil og fjöldi hluthafa fór niður fyrir þau mörk sem eru talin ásættanleg. Lítil velta var vegna þess að hluthafar okkar vildu eiga hlutabréf sín áfram og sóttust ekki eftir að selja þau. Það þarf að vera ákveðið flot á bréfunum til að réttlæta skráningu á Aðalmarkað. Það eru gerðar minni kröfur á First North og því hentuðu skiptin okkur vel. En þar eru engu að síður gerðar ríkar kröfur til okkar. Við skilum uppgjörum hálfsárslega og tilkynnum um ákvarðanir sem hafa áhrif á reksturinn. Á sama tíma hafa hluthafar færi á að kaupa eða selja hlutabréf á markaði.

Hampiðjan hefur verið afskaplega heppin með eigendur. Fyrirtækið var stofnað af 13 manna hópi og sumar fjölskyldurnar hafa aukið við sinn hlut og þessi hópur hefur ætíð átt meirihluta í félaginu og stutt dyggilega við bakið á því. Það er ómetanlegt og ein af meginástæðum þess að Hampiðjan hefur vaxið og dafnað. Við höfum horft á önnur fyrirtæki þar sem eignarhaldið fer fram og til baka og það skapar oft mikla óvissu og ókyrrð í kringum reksturinn."

Árið 2003 var vendipunktur

Hjörtur segir að árið 2003 hafi verið ákveðinn vendipunktur í rekstri Hampiðjunnar. Meginþungi framleiðslunnar hafi það ár verið fluttur til Litháen. „Það var bráðnauðsynlegt á þeim tíma. Kostnaður við framleiðsluna var orðinn hár á Íslandi og erfitt að finna hæft starfsfólk til framleiðslustarfa. Þegar litið er til baka er það alveg ljóst að ef þetta skref hefði ekki verið stigið væri Hampiðjan hugsanlega ekki til í dag eða reksturinn að minnsta kosti afar smár í sniðum.

Stór hluti af okkar starfsemi hefur verið að framleiða efni í veiðarfæri. Það að flytja hráefni til landsins, vinna það hér á tiltölulega háum launum í dýrum byggingum og flytja aftur út gengur ekki upp. Við værum hreinlega ekki samkeppnisfær við keppinauta okkar í Evrópu. Það hefði verið útilokað að halda rekstrinum áfram í þeirri mynd.

Í Litháen eru aðstæður góðar, vinnulaun eru hagstæð með tilliti til framleiðslu og þar er allt sem þarf eins og hagkvæmar húsbyggingar og nægt byggingarland. Hjá Hampidjan Baltic starfa nú 370 starfsmenn og verksmiðjan er um 21.500 fermetrar að stærð. Flutningar eru sömuleiðis auðveldir frá Litháen. Við getum flutt gám til Íslands á átta dögum og það er hægt að keyra til hafnarinnar í Rotterdam á 26 klukkustundum. Landið er vel staðsett að þessu leyti."

Með 60 prósenta markaðshlutdeild í djúpsjávartóg

Hampiðjan hóf að selja til olíuiðnaðar árið 1994. Fyrst voru seld tóg til seismikskipa sem kortleggja hafsbotninn en þau geta dregið á eftir sér allt að 22 hljóðnemakapla og hver þeirra getur verið átta kílómetrar að lengd. Sprengihljóð er framkallað á nokkurra mínútna fresti og hljóðbylgurnar endurkastast af berglögunum í sjávarbotninum og þær eru fangaðar af hljóðnemunum.

„Þessi tenging við olíuiðnaðinn gerði okkur kleift að selja til annarra fyrirtækja í olíuiðnaði. Árið 2003 hönnuðum við DynIce Warp togtaugar úr ofurefnum í stað togvírs á fiskiskipum en þær eru jafn sterkar og stálvír í sama þvermáli og þyngdarlausar í vatni. Þessar togtaugar hafa hentað vel á djúpsjávarvindur út af léttleikanum og styrknum. Dýpsta gjáin á hafsbotni er 11,2 kílómetrar en ef það á að nota stálvír til að komast djúpt niður þá hefur stálvírinn sín takmörk. Við sex kílómetra lengd er hann orðinn þyngri en slitþolið og hann slitnar.

Okkar DynIce Warp flýtur og það er því hægt að slaka töginu eins langt niður og menn vilja. Við höfum framleitt fjölmörg slík tóg sem eru tólf kílómetra löng og þau eru aðallega notuð við rannsóknarvinnu og til að bjarga verðmætum af miklu dýpi. Það má nefna það að skipið Seabed Worker sem var hér við land að leita að verðmætum í þýska skipinu Minden er með DynIce Warp. Á ráðstefnu í Noregi fyrir nokkrum árum var birt yfirlit yfir stærð markaðarins fyrir djúpsjávartóg og það kom í ljós að við vorum með 60 prósent af þessum markaði á heimsvísu. Það kom okkur skemmtilega á óvart.

Við framleiðum einnig mjúkar stroffur fyrir þungalyftur til að koma búnaði fyrir olíuvinnslu niður á hafsbotninn. Eftir að olíuiðnaðurinn dróst saman í kjölfar olíuverðfallsins í ágúst 2014 höfum við sótt inn á aðra markaði fyrir álíka stroffur. Vindmyllur, sérstaklega á sjó, eru viðkvæmar því ef það kemur rispa getur það valdið alvarlegum skemmdum síðar meir því umhverfið er mjög tærandi. Það þarf því að forðast að nota vír eða keðjur þegar verið er að lyfta þessum þunga búnaði. Við framleiðum því stroffur sem notaðar eru þegar verið er að setja upp stólpann og mótorinn og að lokum þegar spaðarnir eru festir á."

Malasía fer í hart við Goldman Sachs

Fjárfestingarbankinn Goldman Sachs verst ásökunum um að hafa tekið þátt í spillingu er varðar malasískan fjárfestingarsjóð. Gefið að sök að hafa mútað embættismönnum til að tryggja sér viðskipti. Goldman segir embættismenn hafa logið um ráðstöfun fjármuna.

Embætti ríkissaksóknara í Malasíu ákærði bandaríska fjárfestingarbankann Goldman Sachs og tvo bankamenn í vikunni fyrir auðgunarbrot er varða ríkisrekna fjárfestingarsjóðinn 1MDB. Financial Times greinir frá því að Goldman sé krafinn um greiðslu sekta upp á þrjá milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 369 milljarða króna, fyrir að hafa komið að stórfelldum fjárdrætti sem er talinn nema 2,7 milljörðum dala, í gegnum skuldabréf sem voru gefin út árin 2012 og 2013.

Ákæran var birt á mánudaginn á hendur dótturfélögum Goldman Sachs og tveimur fyrrverandi starfsmönnum bankans; þeim Tim Leissner og Roger Ng Chong Hwa. Þeim hefur verið lýst sem lykilstarfsmönnum Goldman í þessu máli og er gert að sök að hafa mútað malasískum embættismönnum til að tryggja aðkomu sína í skuldabréfaútboðum fyrir 1MDB sem námu 6,5 milljörðum dala.

Goldman fékk 600 milljónir dala í þóknanatekjur vegna útboðanna en að mati ríkissaksóknarans Tommys Thomas er fjárhæðin margfalt hærri en það sem gengur og gerist á fjármálamarkaði. Telja yfirvöld margra ríkja, þar á meðal bandaríska dómsmálaráðuneytið, að fjármálalegt misferli í kringum 1MDB nemi allt að 4,5 milljörðum dala.

Malasíski ríkissaksóknarinn sagði að umgjörð skuldabréfaútboðanna hefði gefið til kynna að lögmætur tilgangur lægi að baki en hinir ákærðu hefðu vitað að ávinningnum yrði ráðstafað með ólögmætum hætti. „Auk þess að hafa fengið hlutdeild í ólögmætum ávinningi fengu lykilstjórnendur Goldman Sachs stóra kaupauka og aukinn frama innan Goldman Sachs og fjárfestingarbankageirans í heild sinni," sagði ríkissaksóknarinn.

Yfirvöld í Malasíu hafa sótt hart að Goldman vegna málsins og Anwar Ibrahim, sem þykir líklegur til að taka við embætti forsætisráðherra, lýsti framferði bandarísku fjárfestingarbankans sem „ógeðslegu" í viðtali í nóvember og sagði að Goldman ætti að greiða „töluvert meira" í sektir en þær 600 milljónir dala sem bankinn fékk í þóknanatekjur.

Í kjölfar fjármálahrunsins 2008 ákvað Goldman Sachs að auka söknarþungann á Asíumörkuðum. NORDICPHOTOS/GETTY

600

milljóna dala þóknun fékk Goldman fyrir verkefni tengd malasíska sjóðnum.

Goldman Sachs hefur hafnað ásökununum alfarið. „Tilteknir embættismenn í malasísku ríkisstjórninni sem þá var sögðu Goldman Sachs og öðrum ósatt um ráðstöfun ávinningsins af umræddum viðskiptum," segir í tilkynningu frá bandarískra fjárfestingarbankanum.

Svikamylla frá upphafi

Ríkisfjárfestingarsjóðurinn 1MDB var stofnaður árið 2009 til að styðja við erlenda fjárfestingu í þróunarverkefnum í Malasíu. Najib Razak, þáverandi forsætisráðherra, sat í stjórn sjóðsins en síðan þá hefur sjóðurinn verið miðpunktur eins stærsta spillingarmáls heims. Skjöl, sem var lekið fyrir nokkrum árum, varpa ljósi á að 1MDB hafi verið nokkurs konar svikamylla frá upphafi.

Háar fjárhæðir voru fengnar að láni með útgáfu skuldabréfa og þær færðar á reikninga í Sviss og Singapúr. 731 milljón dala birtist á bankareikningi Najibs forsætisráðherra rétt fyrir kosningarnar 2013. Hann er sagður hafa notað fjármunina til að múta stjórnmálamönnum, greiða kreditkortareikninga og fjármagna íburðarmikla eyðslusemi eiginkonu sinnar. Sjálfur fullyrðir Najib að fjárhæðina megi rekja til styrkja frá prins í Sádí-Arabíu. Umsvifamikill málarekstur á hendur Najib hófst í október.

Sóttu inn á Asíumarkað

Aðkomu Goldman Sachs má rekja aftur til ársins 2010 samkvæmt umfjöllun The Wall Street Journal um málið. Tekjur fjárfestingarbankans höfðu dregist saman um þriðjung eftir fjármálahrunið og forstjórinn Lloyd Blankfein sagði við hluthafa að bankinn ætlaði að sækja inn á nýja markaði. Starfsmannafjöldinn í Suður-Asíu tvöfaldaðist og á meðal nýrra starfsmanna var flugvélaverkfræðingurinn Andrea Vella sem hafði hannað flóknar afleiður fyrir JPMorgan & Chase.

Vella og Leissner fóru fyrir teymi sem sá um fyrsta útboð 1MDB en ráðist var í útboðið til þess að fjármagna kaup á orkuverum. Leissner bað fjárfestingarbankann Lazard um óháð verðmat á orkuverunum en Lazard neitaði og bar fyrir sig að kaupin lyktuðu af pólitískri spillingu. Goldman hélt engu að síður áfram með viðskiptin. Leissner var síðar ákærður af embætti saksóknara Bandaríkjanna vegna málsins. Hann gekkst í nóvember við því að hafa stundað peningaþvætti og mútað embættismönnum í Malasíu.

thorsteinn@frettabladid.is

Glaumgosi í miðdepli hneykslisins

Ríkissaksóknarinn í Malasíu gaf einnig út ákæru á hendur malasíska fjárfestinum Jho Low. Hann var viðfangsefni nýrrar bókar tveggja blaðamanna The Wall Street Journal sem ber heitið „Billion Dollar Whale: The Man Who Fooled Wall Street, Hollywood and the World".

Low er lýst sem glaumgosa og félagsveru sem hefur komist langt á tengslamyndun. Hann er kominn af ríkri fjölskyldu og í námi í London kynntist hann stjúpsyni Najib forsætisráðherra. Á meðan Najib sat í stjórn 1MDB var Low fenginn til að sinna ráðgjafarstörfum fyrir sjóðinn. Talið er að sjóðurinn hafi á hans vakt fjármagnað kaup á fasteignum í Beverly Hills og Manhattan fyrir milljarða dala, 260 milljóna dala snekkju, og afmælisveislu Low þar sem stórstjörnur á borð við Pharrell Williams og Busta Rhymes stigu á svið. Þá munu fjármunir sjóðsins einnig hafa fjármagnað kvikmyndina Wolf of Wall Street að hluta til.

SpaceX sækir 500 milljónir dollara í hlutafé

Eldflaugafyrirtækið Space Exploration Technologies, sem stofnað var af Elon Musk, stefnir á að auka hlutafé um 500 milljónir dollara, jafnvirði 61 milljarðs króna, til að hleypa netþjónustu af stokkunum. Miðað við hlutafjáraukninguna er félagið, sem alla jafna er kallað SpaceX, metið á 30,5 milljarða dollara eða 3.720 milljarða króna.

Núverandi hluthafar og skoska eignastýringin Baillie Gifford & Co, sem er einn stærsti hluthafi rafmagnsbílaframleiðandans Tesla sem Musk fer einnig fyrir, leggja til hlutaféð. Frá stofnun hefur SpaceX safnað 2,5 milljörðum dollara í hlutafé. Þetta kemur fram í frétt The Wall Street Journal.

SpaceX stefnir á að fjárfesta í Starlink sem veitir internetþjónustu í gegnum gervihnetti. Hugmyndin er að þjónustan verði veitt fyrir tilstilli fjögur þúsund gervihnatta. Mögulega gætu þeir orðið yfir ellefu þúsund. Til samanburðar telur stærsta net gervitungla fyrir fjarskipti 65 gervihnetti.

SpaceX stefnir á að fjárfesta í Starlink sem veitir internetþjónustu í gegnum gervihnetti.

Í frétt The Wall Street Journal er vakin athygli á að SpaceX hafi gengið illa að standa við áætlanir. Snemma á árinu 2016 var reiknað með að 44 eldflaugum yrði skotið á loft í ár en stefnt er á að í dag, miðvikudag, verði 21. eldflauginni á þessu ári skotið upp. – hvj

Stóru endurskoðunarfyrirtækin í Bretlandi horfa fram á hertari reglur

Bresk samkeppnisyfirvöld leggja til mikla herðingu á þeim reglum er varða endurskoðunarfyrirtæki þar í landi. Í tveimur nýjum skýrslum, sem ætlað var að taka á samkeppnisvanda og hagsmunaárekstrum í greininni, má finna róttækar tillögur um herðingu á regluverkinu, að því er Financial Times greinir frá.

Lagt er til að endurskoðunarfyrirtæki aðskilji endurskoðendur frá annarri starfsemi fyrirtækjanna, og að stórum skráðum fyrirtækjum í Bretlandi verði gert að kaupa þjónustu af tveimur endurskoðunarfyrirtækjum.

Þá þurfi meira eftirlit með þeim stjórnendum fyrirtækja sem sjá um val á endurskoðendum en þeir eru til dæmis sagðir velja þá endurskoðendur sem „falla að fyrirtækjamenningunni" frekar en þá sem vanda vinnubrögðin.

Stærstu endurskoðunarfyrirtæki Bretlands hafa verið í sviðsljósinu eftir röð stórfelldra mistaka, til dæmis í tengslum við gjaldþrot breska verktakafyrirtækisins Carillion. Þau hafa verið harðlega gagnrýnd fyrir versnandi gæði á endurskoðunum og hagsmunaárekstra.

Stóru endurskoðunarfyrirtækin tóku vel í tillögurnar. „Það er ljóst að traust í garð atvinnugreinarinnar er ekki jafn mikið og það á að vera, og við styðjum breytingar sem auka gæði endurskoðana og viðhalda samkeppnishæfni greinarinnar í Bretlandi," sagði David Sproul, forstjóri Deloitte í Bretlandi. Þó hafa sumir meðeigendur lýst yfir áhyggjum yfir tillögunum, sér í lagi þeim sem mæla fyrir því að tvö endurskoðunarfyrirtæki þurfi fara yfir ársreikninga skráðra fyrirtækja. – tfh

KPMG er eitt af „hinum stóru fjóru" svokölluðu. NORDICPHOTOS/GETTY

Það er ljóst að traust í garð atvinnugreinarinnar er ekki jafn mikið og það á að vera.

David Sproul, forstjóri Deloitte

Trump, Sádar, spilling og FIFA

Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri Íslandsbanka

Það gekk ýmislegt á hjá Alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA á árinu. Heimsmeistaramótið var hin besta skemmtun en ein áhugaverðasta viðureign ársins var þó þegar kosið var um hvort mótið yrði haldið í Marokkó eða Norður-Ameríku árið 2026. Ljóst var að forsvarsmenn FIFA höfðu mikinn áhuga á peningunum sem í boði voru vestanhafs en pólitík leikur sem fyrr lykilhlutverk hjá sambandinu og skiptust aðildarþjóðir í gamalkunnar fylkingar í aðdraganda kjörsins. Donald Trump Bandaríkjaforseti lét ekki sitt eftir liggja og hótaði að þau lönd sem styddu Marokkó gætu ekki treyst á pólitískan stuðning Bandaríkjanna. Hann braut þar með reglur FIFA sem banna afskipti stjórnmálamanna af slíkum ákvörðunum. Upphlaup hans hafði þó ekki verri afleiðingar en svo að Ameríkuþjóðirnar hlutu 2/3 atkvæða. Knattspyrnuáhugafólk í Tjad og Sierra Leóne var hins vegar ekki jafn heppið þar sem landsliðum þjóðanna var bönnuð þátttaka í alþjóðlegri knattspyrnu á árinu vegna beinna afskipta íþróttamálaráðherra landanna af yfirstjórn knattspyrnumála.

En aftur að HM 2026. Áfram hélt farsinn þegar Fatma Diouf Samoura, aðalritari FIFA, var rannsökuð vegna ásakana um alvarlegan hagsmunaárekstur þar sem hún tengdist gömlu Liverpool-kempunni El Hadji Diouf fjölskylduböndum, en hann var erindreki umsóknar Marokkó. Því var haldið fram af blaðamönnum breska ríkisútvarpsins að samsæriskenningin væri runnin undan rifjum forseta FIFA, Gianni Infantino, sem talið var að styddi umsókn Ameríkuríkjanna. Ekkert varð þó úr málinu þar sem í ljós kom að Samoura og Diouf eru ekki skyld. Hvað sem allri pólitík líður er þó ljóst hvað vó þyngst varðandi valið á milli þessara tveggja umsækjenda. Formaður knattspyrnusambands Bandaríkjanna lofaði FIFA um 1.400 milljarða króna hagnaði vegna mótsins, sem er sambærilegt hagnaði síðustu fjögurra móta til samans. Fyrir þessa upphæð mætti staðgreiða Manchester United, Real Madrid og Barcelona.

FIFA hagnaðist um 400 milljarða króna á HM í Rússlandi. Það er því eitthvað til í buddunni til að halda jólin hátíðleg.

Tvö ný mót á 3.000 milljarða

Fjármunina má nýta í ýmislegt og íburðinn vantar ekki hjá sambandinu. Höfuðstöðvar þess voru dýrari en Harpa, ársþingið kostaði meira en Eurovision og rekstrarkostnaður FIFA-safnsins, sem enginn heimsækir, er meiri en Þjóðminjasafns Íslands. Fjármálaóreiðan hefur verið með hreinum ólíkindum en vegna hagnaðar af heimsmeistaramótum hefur sambandinu þó tekist að safna um 200 milljarða króna varasjóði á undanförnum 16 árum. Það virðist samt vera langt í frá nóg fyrir suma.

Infantino forseti þurfti þó að játa sig sigraðan í haust þegar hann var gerður afturreka með hugmyndir að tveimur nýjum mótum á þingi sambandsins. Um var að ræða nýja deildarkeppni landsliða og alþjóðlega útgáfu Meistaradeildarinnar. Ótilgreindur aðili átti að eiga rétt innan við helming mótanna og greiða 3.000 milljarða króna fyrir, andvirði landsframleiðslu Íslands á yfirstandandi ári. Eins ótrúlegt og það hljómar neitaði Infantino að gefa upp hver þessi fjárfestir var en síðar tókst fjölmiðlum að rekja fjármagnið til ríkissjóðs Sádi-Arabíu. Raunar hitti Infantino Mohammed bin Salman, hinn umdeilda krónprins Sáda, þrisvar sinnum á árinu, meðal annars á opnunarleik HM þar sem þeir skemmtu sér konunglega með Vladimír Pútín, forseta Rússlands.

Eðlilega voru forsvarsmenn UEFA, evrópska aðildarsambands FIFA, ekki hrifnir af þessari beinu samkeppni við arðbærustu mót Evrópu og komu í veg fyrir að eitthvað yrði úr hugmyndum Infantino, í bili að minnsta kosti. Forseti UEFA, Aleksander Ceferin, sagði Infantino blindan af græðgi og sakaði hann um að reyna að selja sál knattspyrnunnar.

Bannað að gagnrýna

Rétt eins og undanfarin ár höfðu fjölmiðlar vart undan við að greina frá spillingarmálum innan knattspyrnuhreyfingarinnar á árinu, en ólíklegra er þó orðið að meiriháttar breytingar verði innan frá. Sú breyting var nefnilega gerð á siðareglum sambandsins að starfsfólki aðildarsambanda og -félaga er hreinlega bannað að tala illa um sambandið sjálft eða starfsfólk þess, í tengslum við heimsmeistaramót. Það hefur væntanlega verið erfitt fyrir suma að halda í sér þegar fram kom við vitnaleiðslur fyrir dómi í Bandaríkjunum að fyrrverandi forseti argentínska og suðurameríska knattspyrnusambandsins hafi þegið 120 milljónir króna í mútur fyrir að greiða Katar atkvæði í kjöri um staðsetningu HM 2022. Ekki var það skárra þegar fyrrverandi meðlimur FIFA-ráðsins sagðist á dögunum hafa verið boðnir tugir milljóna króna fyrir að greiða Rússum atkvæði sitt vegna mótsins glæsilega sem fram fór í ár.

Hátt í 30 áhrifamenn úr knattspyrnuhreyfingunni hafa játað glæpi sína fyrir dómi eftir að rannsókn bandarískra yfirvalda á spillingarmálum hófst um árið, meðal annars fyrrverandi forsetar knattspyrnusambanda en ásakanir um fjármálamisferli ná aftur um áratugi. Segja má að spilling hafi verið svo almenn meðal áhrifamesta fólks alþjóðaknattspyrnunnar að FIFA hafi varla verið viðbjargandi þegar Sepp Blatter hrökklaðist frá völdum með milljarða í vasanum. En er staðan mikið betri í dag? Í forsetatíð Infantino hefur mikið verið rætt um siðbót en þegar hann var sjálfur undir smásjá siðanefndar sambandsins í fyrra leysti hann nefndina upp að fullu. Nýr meðlimur nefndarinnar, Sundra Rajoo, var handtekinn af yfirvöldum í Malasíu í nóvember vegna gruns um spillingu. Hann sagði sig í kjölfarið frá störfum fyrir nefndina.

FIFA hagnaðist um 400 milljarða króna á HM í Rússlandi. Það er því eitthvað til í buddunni til að halda jólin hátíðleg. Draugar liðinna spillingarmála munu eflaust banka upp á í höfuðstöðvunum á jólanótt, en það er svo sem nóg til fyrir þá líka.

Ljúfar sigurstundir í krefjandi rekstri

Svipmynd

Björn Einarsson

Björn Einarsson, formaður knattspyrnufélagsins Víkings, var ráðinn til starfa sem framkvæmdastjóri TVG-Zimsen árið 2006 og innleiddi nýja stefnu sem fól í sér meiri áherslu á að byggja upp fyrirtækið að alþjóðlegri fyrirmynd. Umsvifin jukust jafnt og þétt á næstu árum.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Fjölskyldan og fjölskyldulífið á hug minn allan og tíma. Þrír af fimm drengjunum eru fjögurra ára og yngri og þeir stýra tímanum oft eins og herforingjar. Þá er ég formaður Knattspyrnufélagsins Víkings en þar hef ég starfað í þágu félagsins sleitulaust í um 12 ár og fer mikið af mínum tíma í vinnu fyrir félagið. Víkingur stendur hjarta mínu mjög nærri og velferð félagsins skiptir mig öllu máli. Rekstur og fjármögnun íþróttafélaga á Íslandi í dag er sérstaklega krefjandi þar sem mikið reynir á en svo koma ljúfar sigurstundir og framfarir í alls kyns myndum fyrir félagið sem gefur auka orku. Þegar um hægist í fjölskyldulífinu og meiri tími verður til staðar langar mig að efla golfkunnáttuna mína og golfgrunninn, sem þó er til staðar, með konunni minni.

Hvernig er morgunrútínan þín?

Ég vakna um 6.00 með yngsta syni mínum. Við slökum síðan á

Björn segir mikilvægt að hafa yfirsýn yfir sífellt meira krefjandi kostnaðarumhverfi og ákveðna kostnaðarliði sem eru að vaxa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Helstu drættir

Nám: BA í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands.

Störf: Framkvæmdastjóri TVG-Zimsen, stjórnarformaður í dótturfélögum TVG-Zimsen.

Fjölskylduhagir: Giftur Kötlu Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra Ísbúðar Vesturbæjar ehf. Á 5 drengi – Sigurð Hrannar, Tómas Atla, Birki, Dag og Breka Björnssyni.

feðgarnir yfir Bessa og félögum í Hvolpasveit, auk þess sem ég næ oft mikilvægum tíma til að svara tölvupóstum þar til tvíburasynir mínir fjögurra ára og fjölskyldan kemst á ról. Þá hefst mikið skipulag, að klæða herinn og skutla í leikskólann. Ávallt banani á leið til vinnu.

Hver er bókin sem þú ert að lesa eða last síðast?

Tumi fer til tannlæknis er síðasta bókin sem ég las. Hef lesið hana ansi oft á árinu. Annars er frekar lítill tími sem fer í yndislestur en fyrir mig sjálfan þá er það núna bókin 300 stærstu sem var að koma út.

Hvað er það skemmtilegasta við starfið?

Fjölbreytileikinn, kappið, tækifærin og áskoranirnar. Að virkja hin miklu tækifæri sem TVG-Zimsen hefur.

Rekstur og fjármögnun íþróttafélaga í dag er sérstaklega krefjandi þar sem mikið reynir á.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?

Tryggja og passa upp á liðsheild TVG-Zimsen hvern dag – liðsheildin er svo grunnurinn sem virkjar tækifærin og býr til alla sigra og styrk TVG-Zimsen.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?

Rekstrarumhverfið okkar er mjög gott og mjög spennandi en engu að síður er gríðarlega mikilvægt að hafa sterka yfirsýn yfir sífellt meira krefjandi kostnaðarumhverfi og ákveðna kostnaðarliði sem eru vaxandi.

Hvaða breytingar sérðu fyrir þér í rekstrarumhverfinu á komandi árum?

Stóraukin netverslun sem við sjáum að er að vaxa mjög hratt á stuttum tíma hér á landi og mun ekki einungis hafa áhrif á okkar rekstrarumhverfi heldur allt samfélagið. Við hjá TVG-Zimsen höfum tekið mikilvægt frumkvæði til að búa til flutningslausnir sem eru sérsniðnar að þessari hröðu og mikilvægu þróun á okkar markaði. Það eru mjög spennandi tímar fram undan og stór tækifæri á flutningamiðlunarmarkaðinum.

Breytingar á jólahefðum landsmanna

Sigrún Drífa Jónsdóttir
gæðastjóri Gallup

Hefðir skipa það stóran sess í jólahaldi og undirbúningi jólanna að við eigum sérstakt orð yfir þær og tölum um jólahefðir. Þannig hafa flestir þættir jólahalds Íslendinga verið með nær óbreyttu sniði undanfarin ár og litlar sem engar breytingar sjást milli ára í mælingum Gallup á jólavenjum landsmanna. Þetta á almennt við um gjafir, samveru, skreytingar, jólatré, aðventukransa, smákökubakstur, jólahlaðborð, tónleika, skötuát, laufabrauðsgerð, jólaböll, piparkökumálun, föndur og konfektgerð svo eitthvað sé nefnt. Það er því áhugavert að skoða hvað það er sem hefur þó breyst á undanförnum árum.

Keyptir þú einhverjar jólagjafir á netinu frá erlendum eða innlendum fyrirtækjum?



Keyptir þú einhverjar jólagjafir á netinu frá erlendum eða innlendum fyrirtækjum?



Jólakort, aðventuljós, kirkjur og kirkjugarðar

Sendi jólakort með hefðbundnum pósti

2017	51%
2016	53%
2015	54%
2014	59%
2013	63%
2012	63%
2010	74%

Sendi jólakort eða jólakveðju rafrænt

2017	41%
2016	53%
2015	54%
2014	47%
2013	49%
2012	45%
2010	40%

Er með aðventuljós með sjö ljósum á heimilinu

2017	48%
2016	48%
2015	54%
2014	57%
2013	52%
2012	57%
2010	62%

Fer í kirkjugarð að vitja leiðis

2017	22%
2016	33%
2015	29%
2014	32%
2013	33%
2012	33%
2010	34%

Fer í kirkju fyrir eða um jólin

2017	53%
2016	66%
2015	61%

Jólamaturinn



Hefðir

Annað sem hefur tekið miklum breytingum eru jólakveðjur landsmanna. Fyrir átta árum sendu nær þrír af hverjum fjórum jólakort í bréfpósti en fyrir síðustu jól var hlutfallið komið niður í um helming. Hlutfall þeirra sem sendu rafrænt jólakort eða rafræna jólakveðju fyrir átta árum var um fjórir af hverjum tíu. Það fór hækkandi næstu ár og jólin 2015 og 2016 sendi rösklega helmingur landsmanna rafræna jólakveðju. Fyrir jólin í fyrra mældist hlutfallið hins vegar aftur talsvert lægra og verður forvitnilegt að sjá hvort sú þróun sést áfram nú um jólin.

Jólamaturinn

Langalgengast er að það sé hamborgarhryggur á borðum landsmanna á aðfangadagskvöld en þeim fer þó fjölgandi sem velja annan jólamat. Þeim fer einnig fækkandi sem borða rjúpu eða svínasteik á aðfangadag, ef frá er talið það tímabil þegar bann ríkti við rjúpnaveiðum, en vinsældir hangikjöts og lambasteikur hafa haldist stöðugar. Þeim hefur fjölgað sem borða kalkún og einnig þeim sem borða annan mat en talinn hefur verið upp, eins og t.d. nauta- eða hnetusteik.

Aðventuljós

Aðventuljós, eða stjakar með sjö ljósum, eru áberandi í gluggum íslenskra heimila um jólin enda setur nær helmingur landsmanna slík ljós út í glugga. Með auknu úrvali jólaljósa er þessi hefð þó á undanhaldi, en hlutfall þeirra sem skreyta með þessum hætti hefur lækkað um 14 prósentustig á síðustu sjö árum.

Kirkjur og kirkjugarðar

Síðustu ár hefur um þriðjungur landsmanna farið í kirkju fyrir eða um jólin en í fyrra mældist það hlutfall nokkuð lægra þegar aðeins rúmlega fimmtungur landsmanna fór í kirkju. Eins fór aðeins ríflega helmingur landsmanna í kirkjugarð að vitja leiðis á móti tveimur af hverjum þremur árið áður. Aftur eru þetta breytingar sem mældust fyrst síðustu jól og verður því áhugavert að sjá hvort þær sjást áfram þessi jól.

Fyrir átta árum sendu nær þrír af hverjum fjórum jólakort í bréfpósti en fyrir síðustu jól var hlutfallið komið niður í um helming.

Þó að jólin séu tími skemmtilegra hefða og samveru við fjölskyldu og vini eru aðstæður landsmanna ólíkar og það er umhugsunarvert að nær fimmtungur landsmanna ber kvíða í brjósti fyrir jólunum, að minnsta kosti í bland við tilhlökkun, og hefur það hlutfall verið svipað um árabil. Fyrir því geta verið margvíslegar ástæður en fólk er líklegra til að kvíða jólunum eftir því sem fjölskyldutekjur þess eru lægri og einnig eftir því sem það er eldra.

Það er einlæg ósk okkar hjá Gallup að sem flestir geti fundið gleði og frið jólanna, hver með sínum hætti, og átt ánægjulega jólahátíð.

OPEL ATVINNUBÍLAR

ÁRAMÓTA SPRENGJA!

Nýttu þér skattalegt hagræði ársins sem er að líða

Nokkrir sendi- og hópferðabílar á dúndur afslætti

Afsláttur
631.000 kr.

	Vivaro - sendibíll (L2H1)
Sætisfjöldi:	3 manna
Vél:	1.6L dísel
Gírskipting:	Beinskiptur 6 gíra
Burðargeta:	1.280
Rúmtak:	1598
Hestöfl:	115
Tog:	300 við 1750sn
Eyðsla:	6,5
Verð:	4.090.000 kr.
Tilboðsverð:	3.459.000 kr.

Tilb.verð án vsk. aðeins:
2.780.000 kr.

Afsláttur
1.000.000 kr.

	Movano (L1H1)
	9 manna
	2.3L dísel
	Beinskiptur 6 gíra
	838
	2298
	145
	350
	6,6 - 6,3
	6.390.000 kr.
	5.390.000 kr.

Tilb.verð án vsk. aðeins:
4.347.000 kr.

Afsláttur
1.200.000 kr.

	Movano hópferðabíll (L3H2)
	17 manna
	2.3L dísel
	Beinskiptur 6 gíra
	1.302
	2298
	145
	350
	7,8 - 8,0
	7.790.000 kr.
	6.590.000 kr.

Tilb.verð án vsk. aðeins:
5.314.000 kr.

Birt með fyrirvara um myndа- og textabrengl

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér **Opel atvinnubíla** á **opel.is** eða hafðu samband við sölumann í síma eða á opel@opel.is og fáðu nánari upplýsingar

Sýningarsalir:
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

Bílabúð Benna

Skotsilfur

Einhyrningur

Alvotech, sem **Róbert Wessman** stofnaði árið 2013, er verðmetið á um 150 milljarða króna sé tekið mið af kaupverði japanska fyrirtækisins Fuji Pharma á ríflega fjögurra prósenta hlut í íslenska líftæknifyrirtækinu. Er félagið þar með orðið verðmætara en nær öll félög á íslenska hlutabréfamarkaðinum. Að sögn kunnugra gæti Alvotech jafnframt mögulega verið fyrsti íslenski einhyrningurinn en það nýyrði er notað yfir óskráð nýsköpunarfyrirtæki sem hafa aflað hlutafjár á verðmati umfram milljarð dala.

Þröngar skorður

Fyrirhuguðum þjóðarsjóði gæti verið sniðinn þröngur stakkur til þess að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af erlendum ríkjum, ef marka má greinargerð sem fylgir frumvarpi **Bjarna Benediktssonar** fjármálaráðherra um sjóðinn. Þar segir að sjóðurinn skuli útiloka með öllu fjárfestingar í fjármálagerningum sem gefnir eru út af fyrirtækjum eða stofnunum sem eru viðriðin starfsemi sem telja má að stangist á við góða siði, svo sem sölu vopna sem nýtt eru í hernaði. Þetta kann að þýða að sjóðurinn mun ekki mega kaupa bandarísk, bresk eða sænsk ríkisskuldabréf, svo dæmi séu tekin.

Engir aukvisar

Viðskiptafélagarnir **Baldur Guðlaugsson**, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, og Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, koma að nýja fyrirtækinu Alísu sem hóf nýverið samkeppni við Lykil og stóru viðskiptabankana á sviði tækja- og vélafjármögnunar. Báðir sitja þeir í stjórn fyrirtækisins og er Baldur jafnframt stjórnarformaður þess.

Útlit fyrir minni jólaverslun í Bretlandi

Vísbendingar eru um að jólasala verði heldur minni í Bretlandi í ár miðað við síðustu ár. Þannig er talið að um 0,5 prósent færri hafi heimsótt verslanir í helstu verslunarhverfum landsins í síðustu viku borið saman við sama tímabil í fyrra. Til samanburðar var samdrátturinn 7,6 prósent í fyrra og 2,5 prósent árið 2016. Til viðbótar hefur einkaneysla Breta dregist umtalsvert saman undanfarið ef marka má tölur frá Visa. NORDICPHOTOS/GETTY

Svona getur ríkið lækkað vexti

Sigurður Hannesson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Ríkið getur lækkað vexti. Þetta er rökstutt í hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið sem kom út nýlega. Fjármálakerfi á að þjóna heimilum og fyrirtækjum á skilvirkan og hagkvæman hátt og þar eru tækifæri til umbóta, tækifæri sem verður að nýta nú þegar leiðin til umbóta hefur verið vörðuð. Bætt samkeppnishæfni Íslands er kappsmál allra landsmanna. Samkeppnishæfni er nokkurs konar heimsmeistaramót þjóða í lífsgæðum þar sem aukin samkeppnishæfni leiðir til meiri verðmætasköpunar og þar af leiðandi aukinnar velmegunar. Skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt starfsumhverfi er mikilvægur liður í að efla samkeppnishæfni og þar spilar fjármálakerfið stóran þátt.

Vextir hér á landi eru umtalsvert hærri en í nágrannaríkjum. Þeir landsmenn sem tóku lán hjá bönkunum í fyrra greiða 45 krónur í álagningu bankanna af hverjum 100 sem þeir greiða í vexti. Þetta er hátt í alþjóðlegum samanburði. Annar hluti skýringarinnar er sá að grunnvextir eru hærri hér en annars staðar, meðal annars vegna þess að efnahagsástand hefur almennt verið betra hér og stýrivextir Seðlabankans því háir í alþjóðlegum samanburði. Hinn hluti skýringarinnar er sá að álagning banka er meiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Að hluta til er það vegna smæðar íslensku bankanna þriggja. Þó þeir séu stór fyrirtæki á íslenskan mælikvarða eru þeir litlir í samanburði við erlenda banka. Eftir stendur þó munur og getur ríkið beitt sér á a.m.k. fernan máta til að auka hagkvæmni og skilvirkni á fjármálamarkaði, fyrir utan að selja eignarhluti sína og tryggja samkeppni á markaði þannig að lægri álagning skili sér til heimila og fyrirtækja.

Í fyrsta lagi eru sértækir skattar á fjármálastarfsemi hærri hér á landi en annars staðar. Hér á landi eru sértækir skattar 0,55% af meðalstöðu eigna en eru um 0,07% að meðaltali í samanburðarlöndum samkvæmt hvítbókinni. Stjórnvöld hafa áform um að lækka bankaskattinn úr 0,376% í 0,145% sem er engu að síður hátt í alþjóðlegum samanburði. Þessi lækkun vegur þó þungt og bent er á að fyrirhuguð lækkun bankaskattsins skili álíka lækkun á rekstrarkostnaði og 15% fækkun starfsfólks bankanna, sem jafngildir um 400 stöðugildum hjá bönkunum þremur. Það munar um minna.

Í öðru lagi er bent á að með sérhæfingu og útvistun verkefna megi hagræða í rekstri. Bankarnir þrír bjóða allir upp á alhliða þjónustu og er viðskiptalíkan þeirra að mörgu leyti flókið. Skýrsluhöfundar telja að með skýrri sérhæfingu og einfaldara rekstrarlíkani megi hagræða í fjármálakerfinu. Sem eigandi getur ríkið beitt sér þarna.

Í þriðja lagi er það staðreynd að íslensku bankarnir hafa verið munaðarlausir meira og minna frá stofnun þeirra 2008. Annars vegar vegna þess að eigendur þeirra máttu ekki skipta sér af rekstri þeirra og hins vegar þar sem eigendur vildu sem minnst skipta sér af rekstri þeirra. Þar með hefur skort nauðsynlegt aðhald eigenda á stjórnendur bankanna og því minni krafa en ella um skilvirkni og hagkvæmni í rekstri. Sem eigandi getur ríkið krafist aukins aðhalds í rekstri bankanna.

Í fjórða lagi má ná fram aukinni hagræðingu á íslenskum fjármálamarkaði með samstarfi um sameiginlega innviði þar sem stærðarhagkvæmni er mikil. Þetta hefur raunar verið til umræðu um nokkurra ára skeið en ekki orðið að veruleika. Markmið slíks samstarfs getur verið að draga úr kostnaði, draga úr kerfisáhættu, auka þægindi og lækka aðgangshindranir. Þarna getur ríkið beitt sér bæði sem eigandi banka sem og í gegnum regluverk.

Í hvítbókinni er leiðin að skilvirkari og hagkvæmari fjármálamarkaði vörðuð. Íslensku bankarnir eru að mestu leyti í eigu ríkisins sem auk þess setur leikreglurnar á markaðnum. Stjórnvöld hafa það nú í hendi sér að láta verkin tala og vinna að nauðsynlegum umbótum á íslenskum fjármálamarkaði. Til mikils er að vinna fyrir íslenskt samfélag.

Skráning og gagnsæi við sölu bankanna eykur traust og eflir markaðinn

Páll Harðarson forstjóri Kauphallarinnar

Í síðastliðinni viku ritaði ég um margþættan ávinning af sölu og skráningu bankanna fyrir íslenskt efnahagslíf. En hvernig er best að standa að málum til að hámarka ávinning íslensks samfélags? Vel heppnað útboð og tvíhliða skráning Arion banka í Nasdaq kauphallirnar á Íslandi og í Stokkhólmi sýndi með óyggjandi hætti kosti þessarar leiðar. Skráning á heimamarkað greiðir aðgang að íslenskum fjárfestum og skapar aukið traust meðal erlendra fjárfesta. Með skráningu samhliða í Stokkhólmi náðist til dreifðari hóps alþjóðlegra fjárfesta en ella, en breskir og bandarískir fjárfestar voru fyrirferðarmiklir í útboðinu.

Raunhæft er að sala á hlutum í bönkunum fari fram í áföngum á nokkrum árum með hliðsjón af umfangi sölunnar. Eignarhlutur ríkisins gæti þó minnkað fljótt en Bankasýsla ríkisins álítur að til að vekja athygli allra helstu fjárfesta þurfi frumútboð að vera um tvöfalt stærra en nýlegt útboð Arion banka, eða 70-105 milljarðar króna. Auk þess að huga að markaðsaðstæðum hverju sinni, þarf ríkið að gera þrennt til að draga úr óvissu og hámarka söluverðmæti hluta sinna. Í fyrsta lagi þarf að huga að aðgerðum til að gera samkeppnisstöðu íslensku bankanna áþekka þeirri sem bankar í nágrannalöndunum búa við. Í öðru lagi þarf að liggja fyrir skýr áætlun um söluferlið og í þriðja lagi greinargóð lýsing á stefnu ríkisins sem eiganda.

Í ljósi reynslunnar er eðlilegt að fólk spyrji hvort sagan frá því fyrir fjármálahrunið geti endurtekið sig. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að viðamiklar breytingar hafa verið gerðar á regluverki og eftirliti á fjármálamarkaði frá því á árunum fyrir hrun. Meðal þeirra eru auknar kröfur um eiginfjárhlutföll bankanna, bann gegn því að bankarnir láni gegn veði í eigin bréfum, takmarkanir á lánum til venslaðra aðila, þak á kaupaukagreiðslur, stífari reglur um gjaldeyrisjöfnuð bankanna, hertar reglur um lausafjárhlutföll, stóraukið eftirlit með fjármálafyrirtækjum og aukin áhersla á þjóðhagsvarúð ásamt mörgum öðrum breytingum sem sameiginlega styrkja umgjörð um fjármálakerfið og miða að því að girða fyrir þá hegðun sem orsakaði fall bankanna.

Sala bankanna er einstakt tækifæri til að auka gagnsæi í fjármálakerfinu og gera íslenskan hlutabréfamarkað að enn betri aflvaka framfara og hagsældar. Sala bankanna gæti einnig aukið þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði, en í nágrannaríkjunum hefur þátttaka almennings verið lyftistöng fyrir fjármögnun smárra og meðalstórra fyrirtækja og er því um mikilvæga hagsmuni fyrir íslenskt efnahagslíf að ræða. Hóflegar skattalegar ívilnanir til almennings vegna hlutabréfakaupa gætu riðið baggamuninn en á hinum Norðurlöndunum hafa nú þegar verið innleiddar eða stendur til að innleiða slíkar ívilnanir.

Mitt fyrsta Alias

Borðspil fyrir alla fjölskylduna

Býður yngstu spilurunum upp á tækifæri til að tala og skemmta sér konunglega á meðan!

Viltu veðja 2

Borðspil fyrir alla fjölskylduna

Frábært fjölskylduspil með nýjum þrautum og spurningum.
